



Börn sem upplifa heimilisofbeldi

Jóhanna María Ævarsdóttir

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Börn sem upplifa heimilisofbeldi

Jóhanna María Ævarsdóttir
091275-3419

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Umsjónarkennari: Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Jóhanna María Ævarsdóttir, 2012

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA prófs í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Fjallað verður um skilgreiningar á líkamlegu og andlegu ofbeldi gegn börnum ásamt heimilisofbeldi. Farið verður yfir afleiðingar sem ofbeldis, ásamt því sem einkennir börn sem upplifa ofbeldi. Afleiðingarnar geta verið margvíslegar og geta haft áhrif á hugrænan og vitrænan þroska barna ef ekki er brugðist við. Margir þættir geta haft áhrif á hvort börn verði beitt ofbeldi, bæði einstaklingsbundnir þættir foreldra og barna ásamt samfélags- og menningarlegum þáttum. Ríkjandi viðhorf og menning hefur haft áhrif á löggjöf í tengslum við vernd og réttindi barna. Ýmsir þjóðréttarsamningar hafa haft jákvæð áhrif á íslenska löggjöf, þar á meðal Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Fjallað verður um lagalega vernd barna gegn ofbeldi í samræmi við 19. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem snýr að vernd gegn ofbeldi. Úrræði handa börnum, sem hafa upplifað ofbeldi, eru fábrotin og greina má skort á samhæfingu á milli barnaverndaryfirvalda og annarra stofnana sem koma að málefnum þeirra. Félagaráðgjafar eru eina fagstéttin sem fær kennslu í barnavernd og hafa þeir sett mark sitt á störf í félagsþjónustu og barnavernd.

Formáli

Ég er einstaklega heppin að eiga margna góða að sem hafa stutt mig í gegnum námið og við gerð ritgerðarinnar. Í upphafi vil ég þakka Freydísi Jónu Freysteinsdóttir leiðbeinandanum mínum fyrir góð og gagnleg ráð. Vinkonum mínum þeim, Helgu Steinunni, Brynju Lind, Ástu Sigurlaugu, Svövu Guðrúnu og Margréti Arnbjörgu vil ég þakka sérstaklega fyrir að hafa alltaf verið til staðar fyrir mig, veitt mér ómældan stuðning og hvatningu þegar á móti blés. Páll Valur Björnsson og Guðmundur Óskar Bjarnason fá þakkir fyrir að gefa sér tíma í amstri dagsins til að lesa ritgerðina yfir fyrir mig og koma með ráðleggingar. Foreldrar mínir, þau Guðlaug Friðriksdóttir og Ævar Jónasson, og systur mínar, þær Eygló Ýr og Raket Rós fá bestu þakkir fyrir alla hjálpina með strákana mína á meðan á náminu stóð. Án þeirra hefði þessum tímamótum vart verið náð. Að lokum fá litlu gullmolarnir mínir, þeir Guðjón Elí og Elfar Máni þakkir fyrir þolinmæði og skilning á meðan mamma eyddi oft löngum stundum í lærdóm. Ég rakst á lítið ljóð sem mér finnst við hæfi að vitna í. Ljóðið heitir *Það læra börn sem þau búa við* og var þýtt af Helga Hálfðánarsyni.

Það barn sem býr við hjóð

Lærir að fordæma

Það barn sem býr við hörku

Lærir fólsku

Það barn sem býr við aðhlátur

Lærir einurðarleysi

Það barn sem býr við ásakanir

Lærir sektarkennd

Það barn sem býr við mildi

Lærir þolgæði

Það barn sem býr við örvun

Lærir sjálfstraust

Það barn sem býr við hrós

Lærir að viðurkenna

Það barn sem býr við réttlæti

Lærir sanngirni

Það barn sem býr við öryggi

Lærir kjark

Það barn sem býr við skiling

Lærir að una sínu

Það barn sem býr við alúð og

Vináttu lærir að elska.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	6
2 Ofbeldi gegn börnum	8
2.1 Líkamlegt ofbeldi - skilgreining	8
2.1.1 Líkamlegt ofbeldi - einkenni.....	10
2.1.2 Líkamlegt ofbeldi - afleiðingar	10
2.2 Andlegt ofbeldi - skilgreining	10
2.2.1 Andlegt ofbeldi - einkenni.....	11
2.2.2 Andlegt ofbeldi - afleiðingar	11
2.3 Fjölskylduofbeldi - skilgreining	12
2.3.1 Fjölskylduofbeldi - einkenni	12
2.3.2 Fjölskylduofbeldi - afleiðingar.....	12
2.4 Viðbrögð við áfalli.....	14
3 Fræðilegur hluti	15
3.1 Áhættuþættir foreldra.....	15
3.2 Áhættuþættir barna	16
3.3 Fjölskyldu, menningar- og samfélagslegir þættir.....	17
4 Löggjöf	19
4.1 Genfar-yfirlýsing	20
4.2 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	20
4.2.1 Vernd gegn ofbeldi - 19. gr. Barnasáttmálans	21
4.3 Lög í íslenskum barnarétti	22
4.3.1 Barnaverndarlög nr. 80/2002	23
4.3.2 Barnalög nr. 76/2003	24
4.3.3 Almenn hegningarlög nr.19/1940.....	25
4.4 Umboðsmaður barna.....	25
5 Barnaverndaryfirvöld	26
5.1 Barnaverndarstofa.....	26
5.1.1 Barnaverndarnefndir	27
5.2 Tilkynningarskylda	29
6 Starf félagsráðgjafa og úrræði	32
6.1 Starf félagsráðgjafa.....	32
6.2 Hópmeðferð fyrir börn á vegum Barnaverndarstofu.....	35
6.3 Tilraunaúrræði á vegum Barnaverndarstofu	36
7 Viðbrögð stofnana	37
7.1 Lögregla	37
7.2 Kvænnaathvarfið	38
7.3 Áfallamiðstöð Landspítalans.....	39
8 Umræða og niðurstöður	40
Heimildaskrá:	43

1 Inngangur

Undanfarið hefur umræða um ofbeldi gegn börnum aukist og má greina ákveðna vitundarvakningu í þjóðfélaginu. Úrræðaleyfi og skortur á samhæfingu stofnanna sem koma að málefnum barna sem beitt hafa verið ofbeldi, er einkennandi. Á vormánuðum 2011 kom út skuggaskýrsla UNICEF, Mannréttindarskrifstofu Íslands og Barnaheilla um stöðu barna á Íslandi, þar sem fram kemur að heimilisofbeldi sé mikið vandamál hér á landi og hafi lengi verið þaggað niður. Lítið hafi verið gert fyrir börn sem orðið hafa fyrir barðinu á ofbeldi og þeim standi takmörkuð aðstoð og úrræði til boða (Unicef, 2011). Tölur sem hafa verið framreiknaðar af Rannsóknum og Greiningu og Barnaverndarstofu gefa til kynna, að á hverju ári verði 2000-4000 íslensk börn fyrir ofbeldi á heimilum eða verði vitni að því. Af því gefnu að 2000 börn séu þolendur ofbeldis á ári hverju, berast einungis 14% þeirra atvika sem tilkynningar til barnaverndaryfirvalda (Lóvís Arnardóttir, 2011).

Ein leið til að draga úr ofbeldi er að auka forvarnir, þekkingu og fræðslu. Önnur leið er að gera einstaklinga og fagfólk meðvitað um að tilkynna til barnaverndaryfirvalda allan grun um að barn búi við misbrest í aðbúnaði, hversu léttvægur hann er. Þannig fá barnaverndaryfirvöld tækifæri á að aðstoða þær fjölskyldur sem glíma við vanda, með það að markmiði að draga úr frekara ofbeldi (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Markmiðið með þessari ritgerð er að fjalla um börn sem upplifa líkamlegt og sálrænt ofbeldi eða verða vitni að ofbeldi á milli foreldra. Jafnframt er ætlunin að skoða löggjöf í tengslum við réttindi þessarra barna í samræmi við 19. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um vernd gegn ofbeldi. Einnig að fjalla um stofnanir sem taka á móti börnum sem hafa upplifað ofbeldi. Rannsóknarspurningar eru: Er börnum sem upplifa ofbeldi tryggð næg vernd í lögum í samræmi við 19. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna? Hvernig er samhæfingu stofnana sem taka á móti börnum sem hafa upplifað ofbeldi og barnaverndar háttað?

Annar kafli ritgerðarinnar fjallar um skilgreiningar á líkamlegu og andlegu ofbeldi barna, ásamt heimilisofbeldi, birtingarmyndum, einkennum og afleiðingum þess fyrir börn. Í þriðja kafla verður vikið að rannsóknnum, ásamt fræðilegri tengingu áhættuþátta

varðandi ofbeldi gegn börnum. Í fjórða kafla verður litið yfir löggjöfina og hvað betur mætti fara í löggjöfinni til að uppfylla kröfur 19. gr. Barnasáttmálans um vernd gegn ofbeldi. Þar verður sjónum sérstaklega beint að því sem snýr að börnum sem hafa upplifað heimilisofbeldi. Í fimmta kafla segir frá barnaverndaryfirvöldum og tilkynningum til þeirra. Sjötti kafli greinir frá störfum félagsráðgjafa sem hafa greinargóða þekkingu á málaflokknum og koma að margan hátt að vinnu með börnum sem hafa upplifað ofbeldi, en jafnframt um þau úrræði sem í boði eru. Bent hefur verið á skort á samhæfingu hjá stofnunum sem vinna með börnum sem hafa upplifað heimilisofbeldi. Í sjöunda og síðasta kafla ritgerðarinnar verður því farið yfir viðbrögð lögreglu, Kvennaathvarfsins og Áfallamiðstöðvar Landspítalans. Að lokum mun fara fram umræða og niðurstöður dregnar saman.

2 Ofbeldi gegn börnum

Mörg börn búa við ást, umhyggju og öryggi í heilbrigðu umhverfi en því miður eru önnur börn sem búa við misbrest í uppeldi. Samkvæmt skilgreiningu Rogosch, Cicchetti, Shields og Tough á misbrestur í uppeldi sér stað þegar alvarlegir brestir verða í foreldrahlutverki, ásamt töluverðri truflun í tengslum foreldra og barns, sem getur leitt til alvarlegra aðlögunarvandamála og þroskaskerðingar hjá barninu. Samkvæmt þessari skilgreiningu, felur misbrestur í uppeldi barna í sér mjög ófullnægjandi eða niðurbrjótandi uppeldishætti (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005). Ofbeldi getur átt sér stað víða í samfélaginu, eins og á heimilum, í skólum, í félags-, íþrótta og tómstundastarfi. Ekkert barn er óhult fyrir ofbeldi þar sem gerendur geta verið jafnaldrar barnsins, fullorðnir, ókunnugir eða einhverjir nákomnir barninu (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Enga eina skýringu er að finna á því hvers vegna börn verða fyrir ofbeldi, heldur er yfirleitt um samspil margra þátta að ræða (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005).

Misræmis hefur gætt á meðal fræðimanna, fagfólks og almennings hvaða hegðun beri að flokka sem ofbeldi gegn börnum, þar sem erfitt hefur verið að skilgreina þessi hugtök. Munurinn á eðlilegum refsingum sem beitt er í uppeldisskyni og heimilisofbeldi hefur þar af leiðandi ekki alltaf verið ljós (Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson, 2004). Hvenær telst refsing sem barn hlýtur vera ofbeldi? Undanfarið hefur umræða aukist um ofbeldi og að nauðsynlegt sé að fræða börn um persónuleg mörk líkama síns, en þau þurfa einnig að vita að aðrir eiga að koma fram við þau af kurteisi og virðingu. Afleiðingar ofbeldis geta verið alvarlegar og haft áhrif heilsu barns til skemmri eða lengri tíma (Geir Gunnlaugsson, 2011). Mikilvægt er að einstaklingar og fagfólk sé meðvitað um hvað einkennir börn sem búa við ofbeldi.

2.1 Líkamlegt ofbeldi - skilgreining

Líkamlegt ofbeldi á sér stað þegar líkamlegu afli er beitt gegn einstaklingi, sem leiðir af sér andlegan eða líkamlegan skaða (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006; Steinunn Bergmann, 2010). Líkamlegt ofbeldi flokkast undir afbrot og varðar við lög samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Skilgreiningar á líkamlegu ofbeldi eru misjafnar eftir samfélögum en í öllum samfélögum er þó litið á sýnilega áverka á barni eftir líkamlegar refsingar, svo sem marbletti, beinbrot, skurði og brunasár sem

ofbeldi (Freydís Jóna Freysteindóttir, 2005). Ákveðin hegðun eins og að flengja barn líðst í sumum samfélögum án þess að flokkast sem ofbeldi, en getur talist til ofbeldis í öðrum (Garbarino og Crouter, 1978). Í sumum fylkjum Bandaríkjanna telst það vera líkamlegt ofbeldi ef sjáanlegir áverkar eins og roði eða marblettur eru á barni 24 tímum eftir að líkamleg refsing á sér stað. Slíkar skilgreiningar geta þó verið takmörkunum háðar þar sem áverkar geta verið mislengi sjáanlegir á barni. Auk þess sem um alvarlega atburði getur verið að ræða, án þess að áverkar sjáist 24 tímum síðar. Til dæmis getur ungt barn verið slegið með flötum lófa í andlit en áverkar eins og roði gætu þó aðeins verið sjáanlegir í nokkra klukkutíma og myndu því ekki vera skilgreindir sem líkamlegt ofbeldi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2000).

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur skilgreint líkamlegt ofbeldi á eftirfarandi hátt: Ofbeldi sem á sér stað þegar líkamlegu valdi er beitt með það að markmiði að valda einhverjum sársauka eða óþægindum, þó smávægileg séu. Uppeldi getur oft verið krefjandi verkefni og því fylgir meiri líkamleg snerting en á milli tveggja fullorðinna einstaklinga. Nefndin gerir greinarmun á ofbeldi eða niðrandi háttsemi annars vegar og á uppeldisaðferðum þar sem nauðsynlegum aga er beitt hins vegar. Telur nefndin að í framkvæmd sé auðvelt sé að greina þarna á milli, einnig að munur sé á refsingu eða niðrandi háttsemi annars vegar og hins vegar líkamlegum viðbrögðum sem nauðsynlegt er að beita til að forða barni frá því að skaða sig og/eða aðra (Þingskjal 772, 2008-2009).

Líkamlegt ofbeldi má skilgreina bæði út frá athöfn annars vegar, og athöfn og afleiðingum hins vegar. Athöfn er birtingarmynd ofbeldis, þegar barn er löðrungað, kýlt, sparkað í það eða því hrint. Með athöfn og afleiðingum er átt við hvort barnið hljóti sjáanlega líkamlega áverka af ofbeldinu, líkt og skurði, brunasár eða marbletti. Einnig má flokka líkamlegt ofbeldi sem viljandi eða óviljandi athöfn, en sum mál getur þó verið erfitt að skilgreina. Óviljandi athöfn á sér stað ef foreldri rekur sig í barn með þeim afleiðingum að það dettur og meiðir sig. Dæmi um mál sem getur verið erfitt að skilgreina, gæti verið ef foreldri skammar barn eða ýtir við barninu sem rekur höfuðið í með þeim afleiðingum að það meiðir sig. Foreldrið ætlaði ekki að meiða barnið en athöfnin varð þess valdandi að barnið meiddist (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

2.1.1 Líkamlegt ofbeldi - einkenni

Börn sem verða fyrir líkamlegu ofbeldi bera þess ekki alltaf merki. Sumir gerendur eru meðvitaðir um að ekki sjáist neinir áverkar á barninu. Börn geta hlotið margvíslega áverka við leik og í smá slysum, eins og marbletti og sár. Þessir áverkar eru yfirleitt á sjáanlegum stöðum, eins og á olnbogum, höndum og enni sem barnið dettur á. Börn sem verða fyrir ofbeldi eru oft með áverka af öðru tagi. Þau geta verið með mar á baki, hálsi og á öðrum stöðum og/eða stóra marbletti þar sem hefur verið þrifið í þau (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Áverkar sem geta mögulega ekki verið sýnilegir en fagaðillar sem starfa í heilbrigðiskerfi hafa greint eru til dæmis heilaskemmdir, augnáverkar, sprunga í beini og vísbendingar um tilraun til kæfingar (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, e.d.).

2.1.2 Líkamlegt ofbeldi - afleiðingar

Afleiðingar sem líkamlegt ofbeldi hefur í för með sér eru margvíslegar. Börn sem hafa verið beitt líkamlegu ofbeldi eiga oft á tíðum í erfiðleikum með líkamlegar snertingar og verða lítil í sér ef þau eru skömmuð (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Þau geta verið ósveigjanleg, óumburðarlynd og átt erfitt með reiðistjórnun. Fleiri einkenni eru lágt sjálfsmat, kvíði, þunglyndi og skortur á samúð og samhyggð (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Börn sem búa við líkamlegt ofbeldi eru líklegri til að týna sjálfum sér, missa sjálfstæðið gegn gerandanum og leyfa öðrum að stjórna sér. Börn sem búa við ofbeldi á heimilum eru oft á varðbergi gagnvart fullorðnum, eru jafnvel hrædd við að fara heim til sín ásamt því að forðast að bjóða vinum heim (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

2.2 Andlegt ofbeldi - skilgreining

Andlegt ofbeldi á sér stað þegar barni er sýnd framkoma með eða án orða sem meðvitað eða ómeðvitað veldur því andlegum sársauka og vanlíðan (Ásta K. Ólafsdóttir, 2003). Samkvæmt skilgreiningu Hart, Brassard og Karlson á sálrænt ofbeldi sér stað þegar endurtekið munstur hegðunar gefur barninu til kynna að það sé einskis virði, það sé ekki þess virði að vera elskað eða það sé bara hér til að þóknast öðrum og enginn vilji það. Einnig telst það sálrænt ofbeldi ef barni er alvarlega ógnað með líkamlegu eða sálrænu ofbeldi (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

2.2.1 Andlegt ofbeldi - einkenni

Andlegt eða tilfinningalegt ofbeldi skilur ekki eftir sig sjáanlega líkamlega áverka og getur verið mjög dulið (Ásta K. Ólafsdóttir, 2003). Birtingarmynd andlegs ofbeldis er þegar barni er visvitandi afneitað og hafnað í orðum eða með hegðun. Barninu er neitað um tilfinningahlýju, barnið er einangrað frá vinum og fjölskyldu eða það fær ekki viðeigandi þjónustu og umönnun sem það þarfnast (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Tilfinningalegt ofbeldi birtist meðal annars í því að það er gert lítið úr tilfinningum og líðan barns. Það er hlegið að barninu eða það niðurlægt á annan hátt. Forsjáraðilar gefa í skyn að líðan barnsins sé ekki við hæfi og beri vott um aumingjaskap (Ásta K. Ólafsdóttir, 2003). Dæmi um andlegt niðurbrot er þegar útlit, skap eða hegðun barnsins er sífelld gagnrýnd. Markvisst niðurbrot getur farið þannig fram að barnið fær stöðugt að heyra að það sé aumingi og geti ekki gert ákveðna hluti. Með sífelldum endurtekningum fer barnið að trúá því sem er sagt er við það. Barn sem býr við höfnun fær jafnvel að heyra að það tilheyri ekki fjölskyldunni eða upplifir áhugaleysi foreldra gangvart námi eða áhugamálum þess (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Annars konar andlegt ofbeldi sem er ekki eins augljóst er þegar barn fær augnráð eða svipbrigði sem gefa til kynna fyrirlitningu og höfnun eða það er útskúfað í ákveðinn tíma og foreldri yrðir ekki á barnið né svarar því (Ásta K. Ólafsdóttir, 2003).

2.2.2 Andlegt ofbeldi - afleiðingar

Andlegt ofbeldi hefur slæm áhrif á börn og unglinga og hefur neikvæð áhrif á tilfinningu barnsins fyrir eigin sjálfi (Velferðarráðuneytið, e.d.). Barnið verður óöruggt og hefur ekki trú á eigin getu. Barnið á erfiðara með að finnast það tilheyra öðrum, félagslegri aðlögun og félagsfærni er ábótavant sem leiðir til skorts á vinatengslum. Barnið er líklegt til að verða hlédrægt og láta lítið fyrir sér fara. Hugrænum þroska barnsins gæti verið ábótavant, það getur átt erfitt með nám og skort sköpunargáfu. Lélegt sjálfsamt, árásargirni, þunglyndi, kvíði, sjálfsvígshegðun og ósjálfstæð hugsun geta jafnframt einkennt barnið og líkur á vímuefnanotkun aukast (Ásta K. Ólafsdóttir, 2003; Miller-Perrin og Perrin, 2007; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

2.3 Fjölskylduofbeldi - skilgreining

Hugtakið fjölskylduofbeldi er víðtækt og nær yfir allar tegundir ofbeldis sem á sér stað innan fjölskyldna eða tengist fjölskyldunni á einhvern hátt. Þá er átt við ofbeldi á milli hjóna eða sambúðarfólks, gagnvart börnum, foreldrum, milli systkina og gagnvart öldruðum innan fjölskyldunnar (Velferðaráðuneytið, e.d.). Flestar skilgreiningar heimilisofbeldis eiga það sameiginlegt að skilgreina ofbeldið sem stigvaxandi ferli stjórnunar eða kúgunarhlutverks. Samtök um Kvænnaathvarf (e.d.-a) skilgreina heimilisofbeldi á þann veg að heimilisofbeldi eigi sér stað þegar einn fjölskyldumeðlimur kúgar annan í skjóli friðhelgi heimilisins og tilfinningalegrar, félagslegra- og fjárhagslegra bindingar. Til viðbótar við skilgreiningu heimilisofbeldis er einnig talað um kynbundið ofbeldi til að leggja áherslu á þá staðreynd að í flestum tilfellum eru það karlmenn sem beita konur ofbeldi (Lovísa Arnardóttir, 2011).

2.3.1 Fjölskylduofbeldi - einkenni

Eins og fram hefur komið hér að ofan, fara börn sem verða fyrir ofbeldi, á mis við að ákveðnum grunnþörfum þeirra sé sinnt, eins og líkamlegri umönnun sem snýr að til dæmis fæði, klæði, húsaskjóli og vernd gegn hættum. Einnig geta þau farið á mis við tilfinnalegt atlæti svo sem snertingu, blíðu, huggun, virðingu, hvatningu og örvun. Þau geta farið á mis við jákvæð samskipti, skýrar reglur og stöðugleika í umhverfi (Samtök um kvænnaathvarf, e.d-b).

Börn sem búa við ofbeldi á heimilum búa við álag sem fylgir því að upplifa ofbeldi. Barnið horfir jafnvel á ofbeldisfullan föður, niðurbrotna móður og sér áverka sem ofbeldi skilur eftir sig. Börn sem búa við heimilisofbeldi eru líkleg til að kenna sér um og bera ofurábyrgð á systkinum sínum og heimilishaldi. Þau hafa takmarkaða þekkingu á venjulegu heimilislífi þar sem ágreiningur er oft leystur með valdbeitingu þar sem stöðug spenna ríkir og engin veit hvað næsti dagur ber með sér (Samtök um kvænnaathvarf, e.d-b).

2.3.2 Fjölskylduofbeldi - afleiðingar

Heimilisofbeldi er oft falið innan veggja heimilisins og er talið hafa verri andlegar afleiðingar til lengri tíma litið heldur en ofbeldi sem á sér stað utan fjölskyldu og heimilis, sem getur verið nauðgun eða líkamsárás af hálfu ókunnugs aðila. Þegar

ofbeldi á sér stað innan fjölskyldunnar er þolandi oft háður geranda sem talið er valda einstaklingnum meiri andlegum skaða. Ef þolandi er barn getur áfallið sem ofbeldið veldur, haft áhrif á persónuþroska einstaklingsins þar sem barnið hefur ekki náð fullum þroska (Velferðaráðuneytið, e.d.).

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi á tíðni og eðli heimilisofbeldis og á börnum sem upplifað hafa slíkt (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2006). Símakönnun sem gerð var á Íslandi til að fá sýn á umfang kynbundins ofbeldis leiddi í ljós að 42% kvenna sem svöruðu höfðu orðið fyrir ofbeldi, hótunum eða ósæmilegri kynferðislegri snertingu. Þær konur sem áttu börn töldu að 25% barna þeirra hefðu orðið vitni að ofbeldinu (Anni G. Haugen, 2010). Erlendar kannanir hafa sýnt fram á að foreldrar telja að börn þeirra verði ekki vitni að ofbeldi sem á sér stað á heimilinu eftir að börnin eru farin að sofa eða ef börnin eru ekki heima (Anni G. Haugen, 2010; Ingólfur V. Gíslason, 2008). Viðtöl við börnin hafa hins vegar leitt í ljós að þau skynja þrúgandi andrúmsloft á heimilinu, heyra rifrildi og ofbeldishljóð, sjá áverka og verða stundum jafnvel sjálf fyrir ofbeldi (Anni G. Haugen, 2010; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005).

Afleiðingar ofbeldis geta komið fram snemma eða síðar á lífsleiðinni og geta fylgt börnum fram á fullorðinsár (Grych, Fincham, Jouriles og McDonald, 2000). Sum börn komast heilsteyppt frá þessari reynslu en langtímarannsóknir benda til að börn sem verða vitni að ofbeldi á heimilum eru líklegri til að eiga við langvarandi sálræn og félagsleg vandamál að stríða, svo sem andfélagslega hegðun, kvíða, þunglyndi, áfallastreituröskun og misnotkun áfengis og vímuefna (Barnaheill, 2011; Harold og Howarth, 2004; Margolin og Vickerman, 2007). Börn túlka á mismunandi vegu það sem á sér stað á heimilinu og það fer eftir upplifuninni, frekar en eðli og umfangi ofbeldisins, hvernig börnum vegnar í framtíðinni (Harold og Howarth, 2004). Börn sem verða vitni að ofbeldi og deilum milli foreldra sinna glíma við margskonar vandamál en sýna engin sérstök einkenni sem hægt er að nota sem greiningu til að finna þau börn sem búa við heimilisofbeldi (Grych og Fincham, 1990).

Rannsóknir sýna að líklegra er að ofbeldi milli maka eigi sér stað þar sem ung börn eru á heimilinu, sérstaklega börn sem eru undir 5 ára aldri (Fantuzzo, Boruch, Beriama, Atkins og Marcus, 1997). Rannsókn sem Freydís Jóna Freysteinsdóttir gerði á innihaldsgreiningu 39 barnaverndartilkyninga sem fólu í sér ofbeldi milli foreldra í

Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi árið 2004 sýndi að þessar 39 fjölskyldur áttu 69 börn, 34 stúlkur og 35 drengi. Í flestum tilfellum var um eitt barn að ræða á heimili eða hjá 19 fjölskyldum. Börnin voru á aldrinum 0-18 ára og flest þeirra á aldrinum 0-5 ára eða 33 börn, 14 voru á aldrinum 6-12 ára og 15 á aldrinum 13-18 ára. Í flestum tilvikum hafði móðir orðið fyrir ofbeldi af hálfu maka og ofbeldið gat verið mjög hrottafengið. Í 24 tilvikum var barn heima þegar ofbeldið átti sér stað og vitað var til þess að þau urðu vitni að því í 15 tilvikum. Í tveimur þessara tilfella varð barn fyrir ofbeldi, annars vegar barn á unglingsaldri og hins vegar kornabarn sem lést nokkrum dögum síðar. Mörg barnanna urðu fyrir annarskonar misbresti í uppeldi. Yfirleitt var um að ræða vanrækslu sem var algengust og líkamlegt ofbeldi gagnvart þeim sjálfum. Algengt var að börnin glímdu við margskonar vandkvæði eins og námserfiðleika, hegðunarerfiðleika og örlyndi. Það sem var athyglisvert við rannsóknina var að einungis í 30 tilvikum var tekið viðtal við foreldra af barnaverndarstarfsmönnum og í einungis þriðjungu tilfella var veitt einhverskonar þjónusta í kjölfar barnaverndartilkyninga um ofbeldi á milli foreldra. Ekki fór fram nákvæm greining og mat á börnunum sem um ræddi. Þar sem úrræðum var beitt eða þjónusta var veitt, beindist það í flestum tilfellum að foreldrum og einungis í þrem málum að barni (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2006).

2.4 Viðbrögð við áfalli

Þegar barn verður fyrir áfalli er mikilvægt að umhverfið sem barnið býr í sé traust og barnið búi við stöðugleika. Mikilvægt er að barninu sé veitt öryggi og ber að varast að breyta reglum og venjum sem barnið hefur alist upp við. Fjölskylda barnsins og fagfólk sem vinna með því þurfa að koma fram við barnið á sama hátt og venjulega, en gefa barninu tækifæri á að nálgast sig eftir eigin forsendum þegar það hefur þörf til þess. Börn sem hafa orðið fyrir áfalli þurfa að finna mikla tilfinningahlýju og umhyggju bæði í orðum og verki. Viðbrögð barna sem hafa orðið fyrir áföllum eru misjöfn. Drengir sýna frekar órólega hegðun og hegðunarerfiðleika frekar en stúlkur og því er nauðsynlegt að ýta undir jákvæða hegðun með hvatningu (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

3 Fræðilegur hluti

Fjölskyldan á að vera öruggur staður þar sem ríkir ást og friður, og í huga flestra foreldra eru börnin þeirra dýrmætasta eign. Flestir foreldrar vilja vernda börnin sín fyrir hættum sem geta orðið á vegi þeirra á uppvaxtarárum. Foreldrar veita yfirleitt börnum ást, umhyggju og öryggi ásamt því að setja mörk og reglur til að vernda þau. Flestir vilja stuðla að því að börn þeirra eigi hamingjuríka æsku og alist upp sem góðir samfélagsþegnar. Því miður eru til foreldrar sem bregðast í uppeldishlutverkinu og of mörg börn búa við misbrest í uppeldi. Það er staðreynd að hátt hlutfall ofbeldis gegn börnum fer fram innan veggja heimilisins (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Fræðimenn hafa sett fram margvíslegar kenningar til að skýra hvað það er sem veldur því að slíkt gerist. Flestar rannsóknir sem hafa verið gerðar í Bandaríkjunum hafa sýnt að ýmsir þættir geta aukið líkurnar á að barn verði beitt ofbeldi og jafnframt eru aðrir þættir sem geta dregið úr líkum á því (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2000). Þegar metin er hætta á að ofbeldi innan fjölskyldna geti átt sér stað, eru fjölmargir þættir sem taka þarf tillit til. Belsky þróaði vistfræðilíkan og benti á ákveðna þætti í fari og umhverfi einstaklinga sem geta haft áhrif. Vistfræðilíkan Belsky's gerir ráð fyrir fjórum sviðum sem allir geta haft áhrif: Einstaklingsbundnir þættir sem tengjast bæði foreldrum og barni, fjölskylduþættir, félagslegir þættir, bæði formlegir og óformlegir og menningarþættir. Þessir þættir hafa svo skörun hver við annan þar sem styrkleiki eins þáttar getur dregið úr veikleika annars þáttar og öfugt. Þegar áhættuþættir eru fleiri en verndandi þættir, á misbrestur í aðbúnaði sér stað (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005).

Ofbeldi gegn börnum hefur tíðkast í gegnum aldirnar en varð ekki umhugsunarefni fræðimanna á sviði félagsvísinda fyrr en snemma á sjöunda áratugnum. Í upphafi var talið að orsökinn væri eingöngu rakin til foreldra og enn í dag eru áhættuþættir foreldra taldir vega þungt þegar kemur að ofbeldi barna (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2000).

3.1 Áhættuþættir foreldra

Samkvæmt vistfræðilíkani Belsky's má greina ákveðin einkenni hjá foreldrum sem eru líklegri en aðrir til að beita börn sín ofbeldi. Þessi einkenni eru; Þroskaskerðing, þunglyndi, hvatvísi, ofvirkni, grimmd, persónuleikatruflanir, áfengis og vímuefnavandi,

tilfinningaleg fjarlægð, skortur á samúð, eða tilfinningu fyrir líðan annarra, og höfnun gagnvart barni (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005). Foreldrar sem beita börn sín ofbeldi sýna frekar skapgerðarbresti líkt og skapbræði og þirring, en foreldrar sem gera það ekki. Þá eru ungir foreldrar einnig líklegri til að beita börn sín ofbeldi en foreldrar sem eru eldri (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Rannsókn Freydísar Jónu Freysteinsdóttir (2006) sem vitnað var í hér að ofan sýndi að mæður beittu börn sín oftast ofbeldi en feður. Sama rannsókn leiddi í ljós að þessar mæður ættu margar hverjar sameiginlegt að vera með áfengissýki eða áttu við geðræn vandamál að stríða.

3.2 *Áhættuþættir barna*

Á sjöunda áratugnum fóru fræðimenn að beina sjónum að hver einkenni barna gætu verið sem eru líklegi til að verða fyrir ofbeldi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2000). Samkvæmt líkani Belsky's eru það meðal annars börn sem fæðast fyrir tímann, ung börn, börn með þroskahamlanir og fötlun, ásamt börnum sem eru þirring, smámunasöm, ósjálfstæð, eiga erfitt með skap eða eru ofvirk (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005).

Rannsókn var unnin á vegum Barnaverndarstofu um líkamlegt ofbeldi gegn börnum árið 2006. Unnið var úr 269 tilkynningum sem bárust barnaverndarnefndum á landinu öllu. Reyndust 189 tilkynningar vera vegna gruns um að barn á aldrinum 0-18 ára væri beitt líkamlegu ofbeldi af hálfu foreldra eða annarra umönnunaraðila. Greint var hvort börn væru með skilgreinda fötlun eða greiningu, eins og athyglisbrest með ofvirkni (ADHD), einhverfu, asperger eða lesblindu og hafi þurft sérstakan stuðning af þeim sökum. Af þessum 156 tilkynningum mátti sjá að 35 börn (22%) voru með skilgreinda fötlun eða greiningu, en 121 barn (78%) var það ekki. Af þessum 35 börnum voru 31 börn með greininguna ADHD, eða 19,9% þeirra tilkynninga þar sem hægt var að sjá út frá gögnum hvort um skilgreinda fötlun væri að ræða eða ekki (Steinunn Bergmann, 2010). Börn sem eru með ADHD greiningu glíma mörg við einkenni, eins og hvatvísi og hegðunarerfiðleika (ADHD Samtökin, e.d.). Af þessum gögnum má sjá, að oftast var tilkynntur grunur um líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum með ADHD greiningu en börnum sem hafa ekki fengið slíka greiningu. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna sem sýna að börn með ADHD séu í meiri hættu á að verða fyrir ofbeldi en önnur börn. Mun oftast var tilkynnt um grun um

ofbeldi gagnvart börnum á aldrinum 6-10 ára en í öðrum aldurshópum. Átti það sérstaklega við um drengi, sem áætla má út frá gögnunum að eigi frekar á hættu á að verða fyrir ofbeldi af hálfu foreldra en stúlkur (Steinunn Bergmann, 2010).

Fleiri rannsakendur en Belsky hafa lagt fram tilgátu um að hegðun barna ýti undir ofbeldishneigð foreldra. Upphaflega kom Bell fram með þá kenningu og um samvirkni milli áhættuþátta barns annars vegar, og foreldra hins vegar. Eins og áður hefur verið greint frá eru viss persónueinkenni barns og hegðun þess sem getur stofnað því í hættu. Erfið hegðun, ungur aldur og líkamlegir eða sálrænir kvillar sem allt eru dæmi um einkenni barna sem líklegri eru til að vera beitt ofbeldi. Samvirknikenning Bell's gerir ráð fyrir að hegðun barns ýti undir vissa hegðun foreldris, sem gerir það að verkum að foreldrið fer að beita barnið ofbeldi. Hegðun bæði barns og foreldris orsakar ofbeldið frekar en hegðun einungis annars þeirra. Bell taldi góð börn ýta undir jákvæð tilfinningatengsl og samvinnu við foreldra og erfið börn ýta undir neikvæð tilfinningatengsl og viðbrögð í umhverfinu sem einkennast af valdbeitingu. Ef foreldrar eiga við vandamál að stríða sem eru andstæð vandamálum barnsins aukast líkurnar enn meira á ofbeldi. Má þar nefna að ef foreldri glímir við þunglyndi og barnið er ofvirkt, þá er líklegt að foreldrið skynji barnið enn erfiðara en það er. Þrátt fyrir að uppeidsaðferðir geti haft áhrif á hvernig barn hegði sér, getur hegðun barna samkvæmt samvirknikenningunni líka ýtt undir misjafna svörun foreldra (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2000; Barnett, Miller-Perrin og Perrin, 2005).

3.3 Fjölskyldu, menningar- og samfélagslegir þættir

Belsky benti á að margir áhrifaþættir, bæði innan og utan fjölskyldna auka líkurnar á að börn verði beitt ofbeldi. Dæmi um þætti innan fjölskyldna eru: Ágreiningur á milli foreldra, óstöðugleiki í fjölskyldunni, óörugg tengslamyndun milli foreldra og barna og börn foreldra sem hafa sjálfir verið beittir ofbeldi. Jafnframt eru börn einstæðra foreldra, börn í stjúp-fjölskyldum og börn í barnmörgun fjölskyldum líklegri til að verða fyrir misbrest í aðbúnaði en önnur börn (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005).

Erlendar rannsóknir sýna að börn sem búa á heimilum þar sem ofbeldi á sér stað á milli foreldra verði sum fyrir ofbeldi eða eru í aukinni hættu á að verða sjálf fyrir ofbeldi (Edelson, 1999). Áætlað er að í 30-60% tilvika þar sem kona er beitt ofbeldi sé barn hennar líka beitt ofbeldi og öfugt (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2000). Rannsóknir hafa einnig sýnt að foreldrar sem hafa verið beittir ofbeldi eru líklegri til að beita börnin sín

ofbeldi. Í því samhengi hafa sérfræðingar bent á að ofbeldi leiði af sér ofbeldi og flytjist þannig á milli kynslóða, en benda jafnframt á að það réttlæti ekki verknaðinn heldur geti gerandinn átt erfitt með að vinna á móti því (Jónína Einarsdóttir o.fl., 2004).

Á áttunda áratugnum kom fram gagnrýni að það væri einungis einblínt á áhrifaþætti foreldra, barna og fjölskyldna við mat á líkum á að börn væru beitt ofbeldi. Bent var á að ýmsir samfélags- og lýðfræðilegir þættir skipta miklu máli (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2000). Samkvæmt líkani Belsky's má rekja nokkra þætti til samfélagsins og félagslegra aðstæðna, eins og fátækt og atvinnuleysi, félagslega einangrun og skort á stuðningi ættingja og vina (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005). Líkamlegt ofbeldi virðist vera algengara í fjölskyldum sem hafa lágur tekjur og fá formlega félagslega aðstoð. Leiða má líkum á því að líklegra er að upp komist um ofbeldið, vegna þess að fjölskyldurnar njóta stuðnings félagsþjónustunnar (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005; Miller-Perrin og Perrin, 2007; Steinunn Bergmann, 2011).

Hver þjóð býr að menningu sem endurspeglast í reglum og lögum sem stofnanir vinna eftir. Í þessum menningarlegu gildum endurspeglast viðhorf til barna og foreldra þeirra eftir því hversu mikinn forgang börn og umönnun þeirra hefur hjá hverri þjóð. Önnur menningarleg gildi þjóða geta ýtt undir ofbeldi. Í Bandaríkjunum er til að mynda mikið um ofbeldi og byssur eru löglegar. Þar er ofbeldi almennt meira umborið en í öðrum vestrænum löndum. Það endurspeglast í viðhorfi til líkamlegra refsinga barna sem eru viðurkenndari þar en hér á landi. Dæmi um annars konar menningarleg gildi er að hér á landi er algengt að börn séu ein heima yfir daginn þegar foreldrar eru að vinna. Í Bandaríkjunum væri það hins vegar flokkað sem vanræksla þar sem það er ólöglegt að börn undir 10 ára aldri séu ein heima (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2000).

Nokkrir verndandi þættir eru taldir geta dregið úr líkum á að ofbeldi eigi sér stað. Þessir verndandi þættir geta verið bæði formlegir og óformlegir. Formlegir verndandi þættir eru til dæmis fjárhagsstuðningur við barnafjölskyldur eins og fæðingarorlof og barnabætur. Barnabætur eru formlegur sértækur stuðningur við einstæða foreldra og leikskólar sem eru nauðsynlegir til að gera foreldrum kleift að stunda atvinnu og afla tekna fyrir heimilið. Dæmi um verndandi þætti, eru einnig stuðningur frá fjölskyldu og vinum ásamt barnapössun. Ungir einstæðir foreldrar sem glíma við þunglyndi og eru með lágur tekjur geta verið í áhættuhóp með að beita barn sitt ofbeldi. Ef þau hafa leikskólaláss og njóta stuðnings ættingja og vina, getur það dregið úr líkum á að barn þeirra verði beitt ofbeldi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2000).

4 Löggjöf

Löggjöf, hefðir og menning hafa sett mark sitt á hvort foreldrar beiti líkamlegum refsingum í uppeldi til að aga börnin sín. Þannig hafa viðhorf og venjur hvers samfélags áhrif á hvernig uppeldisaðferðum er beitt á hverjum tíma fyrir sig. Íslensk börn hafa búið við misjöfn lífsgæði í gegnum tíðna. *Berja skal barn til batnaðar*, segir gamalt máltæki sem endurspeglar viðhorf sem ríkti fyrr á öldum. Áður fyrr tíðkaðist mikil vinnuharka þar sem refsingum var beitt ef börn stóðust ekki kröfur sem gerðar voru til þeirra í starfi og hegðun. Þeim var kennt, beint eða óbeint, að lífsbaráttan væri hörð og sumir hafa gengið svo langt að halda því fram að bernskan í nútímaskilningi hafi ekki verið til. Börn hafi ekki fengið að vera börn heldur „litlir fullorðnir“ (Símon Jón Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir, 1990). Framan af var engin löggjöf er varðaði uppeldi barna. Það var ekki fyrr en Tilskipun um húsagann var lögfest, að fyrstu lögin sem náðu til allra barna á Íslandi, án tillits til stöðu og efnahags foreldra, tóku gildi árið 1746. Markmiðið með húsaganum var uppeldi í hlýðni, guðsótta, erfiði og iðjusemi og var það í höndum kirkjunnar, hreppstjórans og húsbónda á heimilinu að sjá til að eftir húsaganum væri farið. Markmiðið var þó ekki einungis að bæta uppeldi barna heldur einnig að bæta heimilislíf landsmanna (Hildur Biering, 2006). Þegar tilskipunin um húsagann á Íslandi var lögfest má sjá viðhorf sem var ríkjandi á 18. og 19. öld í íslensku bændasamfélagi um líkamlegar hirtingar gagnvart börnum (Jónína Einarsdóttir o.fl., 2004). Í 8. gr. húsagatilskipunarinnar segir meðal annars:

[...] fremji börnin nokkuð ósæmilegt eig[a] foreldrarnir ekki [...] eftir hingað til brúkanlegum siðvana að láta of mikið eftir þeim, heldur straffa þau með alvarlegum orðum (þó fyrir utan blot og ósæmileg illyrði), ellegar svo með hendi og vendi eftir ásigkomulagi yfirsjónarinnar

(Loftur Guttormsson, 1983, bls. 77).

Þrátt fyrir það var ill meðferð á börnum fordæmd á 19. öld samkvæmt dómabókum þess tíma, ekki síður en í barnaverndarmálum nútímans. Í anda húsagatilskipunarinnar sættu börn á 18. og 19. öld meira harðræði en tíðkast í nútímanum. Mikill agi og harðneskja gagnvart börnum var þó ekki viðurkennd af samfélaginu frekar en í dag. Á síðari hluta 19. aldar þýddi Ólafur Ólafsson kver sem bar heitið *Foreldrar og börn*;

uppeldisleiðarvísir og upp frá því spruttu fram nýjar hugmyndir í uppeldi barna. Ekki er samt víst að bókin hafi náð til allra en töluvert dróg úr hörku sem ríkti í garð barna. Foreldrar fóru að tileinka sér nýjar hugmyndir um barnauppeldi og sjá gildi þess fyrir framtíð barna sinna (Jónína Einarsdóttir o.fl., 2004). Töluverðar samfélagslegar breytingar áttu sér stað snemma á 20. öld með stækkun borgarasamfélags þar sem umræðan um fátækt varð ríkjandi og mörg frjáls félagasamtök fóru að helga sig málefnum barna. Í framhaldinu varð umræða um aðbúnað, umönnun og hegðun barna enn meira áberandi (Anni G. Haugen, 2004).

4.1 Genfar-yfirlýsing

Á fyrri hluta 20. aldar hófst umræða um réttindi barna á alþjóðavettvangi og árið 1924 varð til fyrsta skriflega skjalið sem fól í sér viðurkenningu á alþjóðlegum skulbindingum til verndar hverju barni, án tillits til kynþáttar, þjóðernis eða trúar. Genfar-yfirlýsingin var samþykkt af Þjóðarbandalaginu sem var forveri Sameinuðu þjóðanna árið 1924. Genfar-yfirlýsingin var fyrsta mannréttindayfirlýsing sem var samþykkt af alþjóðlegri stofnun og innihélt hún fimm meginreglur um vernd og velferð barna þar sem horft var til þeirra skyldna sem foreldrar höfðu (Davíð Þór Björgvinsson, 2011; Þórhildur Línal, 2007).

4.2 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Samningur um réttindi barnsins, öðru nafni Barnasáttmálinn var samþykktur af Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember árið 1989 og öðlaðist gildi þann 2. september árið 1990. Samninginn má rekja til Genfar-yfirlýsingar Þjóðarbandalagsins. Barnasáttmálinn öðlaðist gildi þann 27. nóvember árið 1992 á Íslandi. Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn þarfnist sérstakrar verndar og réttinda og að þau séu sjálfstæðir einstaklingar með eigin sjálfstæð réttindi. Hann er mjög víðtækur og samanstendur af 54 efnisgreinum þar sem 41 efnisgrein fjallar um réttindi barna en 13 efnisgreinar fjalla um hvernig eigi að framfylgja samningnum (Umboðsmaður barna, e.d.-a). Markmið samningsins einkennist af þremur einkunnarorðum, umhyggju, vernd og þátttöku (Þórhildur Línal, 2007).

Barnasáttmálinn kveður á um vernd grundvallarmannréttinda barna, svo sem réttinn til lífs, friðhelgis fjölskyldu og einkalífs, félaga-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis. Ríkjum er einnig skylt að grípa til aðgerða til að tryggja velferð barna á sviði mennta-, heilbrigðis-, og félagsmála. Aðildarríkjum ber að upplýsa og kynna efni hans fyrir bæði börnum sem fullorðnum þar sem tilgangurinn með því er að þegnar landsins veiti stjórnvöldum virkt aðhald (Umboðsmaður barna, e.d.-a). Alls 192 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa staðfest samninginn sem eykur siðferðilega og pólitíska þýðingu hans og eykur lagalegt vægi hans á alþjóðavísu (Davíð Þór Björgvinsson, 2011).

Barnasáttmálinn hafði þá sérstöðu að réttindi barna voru í fyrsta skipti sett í alþjóðalög og ríki sem fullgiltu hann skuldbundu sig til að fara eftir lögum á alþjóðavísu, til að tryggja börnum yngri en 18 ára innan sinnar lögsögu réttindi sem kveðið er á um í samningum. Einnig skuldbundu ríkin sig til að leggja fram skýrslu um framkvæmd hans, fyrst tveimur árum eftir fullgildingu hans og á fimm ára fresti eftir það. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna sér um eftirlit með framkvæmd samningsins (Þórhildur Línadal, 2007).

4.2.1 Vernd gegn ofbeldi - 19. gr. Barnasáttmálans

Ofbeldi innan fjölskyldna hefur verið falið vandamál og oft eitt best falda vandamál fjölskyldunnar. Í 19. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr.18/1992 segir:

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni.

Eftir því sem við á skulu meðal slíkra verndarráðstafana vera virkar ráðstafanir til að koma á félagslegri þjónustu til að veita barni og þeim sem hafa það í sinni umsjá nauðsynlegan stuðning, og til að koma á öðrum forvörnum, svo og til að greina, tilkynna, vísa áfram, rannsaka, taka til

meðferðar og fylgjast með tilfellum ef barn hefur sætt illri meðferð svo sem lýst hefur verið, svo og ef við á til að tryggja afskipti dómara.

Með fullgildingu á Barnasáttmálanum ber ríkinu skylda til að sjá til þess að öll börn njóti verndar gegn ofbeldi. Í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir: „Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst“. Með þessu ákvæði er bæði börnum og fjölskyldum þeirra tryggð ákveðin vernd. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að „allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu“. Sumir fræðimenn telja jafnvel að þessi grein geti stuðlað að ofbeldi innan fjölskyldna þar sem hún nýtur ákveðinnar friðhelgi. Þar af leiðandi hafi ofbeldi gegn börnum í gegnum tíðina verið talið öðrum óviðkomandi og fengið litla umfjöllun, þar sem það hefur verið falið vandamál fjölskyldunnar (Jónína Einarsdóttir, o.fl., 2004). Ákveðin skylda hvílir samt sem áður á ríkisvaldinu varðandi löggjöf til verndar einstaklingum í samskiptum þeirra á milli. Friðhelgi heimilis og fjölskyldu má takmarka ef brýna nauðsyn ber til, vegna réttinda annarra, samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar.

4.3 Lög í íslenskum barnarétti

Mikilvægt er fyrir samfélagið að viðurkenna að ofbeldi eigi sér stað innan fjölskyldna til að hægt sé að bregðast við og hjálpa þolendum. Fjölskyldan er mikilvæg í lífi hvers barns og sú eining sem getur veitt ást, umhyggju og öryggi en einnig sú eining sem getur beitt barn ofbeldi án þess að aðrir hafi vitneskju um það (Jónína Einarsdóttir o.fl., 2004). Þjóðréttarskuldbindingar hafa í ríkum mæli haft áhrif á löggjöf um réttindi og málefni barna. Barnasáttmálinn hefur haft jákvæð áhrif á löggjöf á Íslandi og unnið hefur verið að því að bæta lög í samræmi við hann. Lög í íslenskum barnarétti eru barnaverndarlög nr. 80/2011, barnalög nr. 76/2003 og lög um umboðsmann barna nr. 83/1994. Barnaverndarlögin fjalla um réttindi barna og barnavernd, barnalögin um forsjá barna og lög um umboðsmann barna um starf umboðsmanns barna sem er talsmaður allra barna á Íslandi. Vísað er til ýmissa annarra laga eins og almennu hegningarlaganna þegar um ýmiskonar ofbeldisbrot er að ræða. Leitast hefur verið eftir að bæta lögin í tengslum við réttindi barna og hagsmuni þeirra út frá börnunum sjálfum. Það felur í sér viðurkenningu á að börn hafi sjálfstæð réttindi sem eru óháð

vilja foreldra eða forsjármanna. Hér fyrir neðan verður löggjöfin skoðuð með tilliti til 19. gr. Barnasáttmálans um vernd gegn ofbeldi.

4.3.1 Barnaverndarlög nr. 80/2002

Þegar líkamlegt eða andlegt ofbeldi gegn börnum á sér stað getur verið vísað í barnaverndarlög nr. 80/2002 sem fjalla um réttindi barna gagnvart hinu opinbera ef foreldrar bregðast í uppeldishlutverki sínu. Fyrstu barnaverndarlögin voru samþykkt árið 1932 hér á landi. Lögin ná til allra barna sem eru yngri en 18 ára og eru búsett á yfirráðasvæði íslenska ríkisins (Þingskjal 884, 2000-2001).

Markmið barnaverndarlaganna er að börn eigi rétt á sérstakri vernd og umönnum og skuli njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska þeirra. Í 2. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 segir:

Allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna.

Markmið barnaverndarlaga er að öll börn búi við viðunandi aðstæður og að barnaverndarnefndir beri ábyrgð á og eigi að grípa inn í aðstæður einstakra barna sem yfirvöld kunna að hafa afskipti af. Börn sem eiga við sérstakan vanda að etja skulu fá nauðsynlega aðstoð og er þá bæði átt við börn sem eru þolendur ofbeldis ásamt börnum sem af einhverri ástæðu stofna heilsu sinni og þroska í hættu. Til að hægt sé að ná markmiðum laganna ber barnaverndarnefnd að stuðla að því að efla uppeldishlutverk fjölskyldunnar og finna úrræði við hæfi. Fjölskylda barnsins gegnir mikilvægu hlutverki í ferlinu og nauðsynlegt er að samvinna barnaverndarnefnda og fjölskyldunnar sé góð. Þannig er hægt að skapa aðstæður svo að umönnun og aðbúnaður barnsins verði líkt og best verður á kosið (Barnaverndarstofa, 2006). Gengið er út frá því að hagsmunir barna séu alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp við stöðugleika og hjá eigin fjölskyldu. Ef það gengur ekki skal gripið til annarra úrræða. Barnaverndaryfirvöld geta samkvæmt barnaverndarlögum ákveðið með samþykki

barns að ráðstafanir sem gerðar eru haldist eftir að þau verða 18 ára allt til 20 ára aldurs.

4.3.2 Barnalög nr. 76/2003

Barnalög nr.76/2003 fjalla um forsjá barna og þar er kveðið á í 1. mgr. 28. gr. um inntak forsjár að foreldrum beri að annast barn sitt, sýna því umhyggju, virðingu og sinna forsjár- ásamt uppeiddisskyldum sínum eins vel og þeim er unnt. Í 2. mgr. sömu greinar er einnig kveðið á um að foreldrum beri skylda til að vernda börn sín gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi sem og hverri annarri vanvirðandi meðferð. Hvergi kemur skýrt fram að foreldrum sé ekki heimilt að leggja hendur á barn sitt eða gefa öðrum leyfi fyrir því, en hins vegar kemur það fram í greinargerð með lögunum (Þingskjal 181, 2002-2003). Til að öllum sé ljóst hvers konar athafnir gegn börnum séu óheimilar er mikilvægt að setja ákvæði um það í lögin.

Með forsjá í 4. mgr. 28. gr. er átt við rétt foreldra til að ráða persónulegum högum barnsins og ákveða hvar það býr. Í 5. mgr. 28. gr. segir að barnið eigi rétt á forsjá foreldra sinna. Í þeim tilvikum þar sem foreldri fer eitt með forsjá er því skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema umgengni sé andstæð hag og þörfum barnsins samkvæmt ákvörðun dómstóla eða stjórnvalds. Ef ofbeldi hefur átt sér stað inn á heimilum heldur það gjarnan áfram þrátt fyrir skilnað hjóna eða sambúðarfólks. Við slíkar aðstæður er ofbeldismaðurinn líklegri til að beina ofbeldinu gegn barninu (Barnaheill, 2011). Í barnalögunum eru engin ákvæði að finna um hvaða vægi heimilisofbeldi skuli hafa þegar tekin er ákvörðun um forsjá barns. Niðurstöður rannsóknar sem gerð var á dómum í forsjármálum sýndu að heimilisofbeldi hefur takmarkað vægi þegar mat er gert á forsjárhæfni foreldris. Niðurstöðurnar gefa til kynna að ákveðin vanþekking ríki á afleiðingum sem geta hlotist af heimilisofbeldi og aukinni hættu þegar geranda heimilisofbeldis er fengin forsjá barns. Heimilisofbeldi hefur einnig takmörkuð áhrif þegar mat er gert á umgengni barns við foreldri. Má draga þá ályktun að þrátt fyrir að barn eigi á hættu að verða fyrir ofbeldi, sé það megin regla ef litið er til réttarframkvæmdarinnar, að það sé alltaf barninu fyrir bestu að fara í umgengni til foreldris, óháð hegðun eða aðstæðum foreldris. Heimilisofbeldi hefur því í raun lítil áhrif þegar tekin er ákvörðun um forsjá og umgengnisrétt barna og börn njóta ekki þeirrar verndar sem þau eiga rétt á (Umboðsmaður barna, e.d.-b).

4.3.3 Almenn hegningarlög nr.19/1940

Í almennum hegningarlögum er kveðið á um hvenær athæfi er refsivert og varðar við lög. Þar er að finna ákvæði um líkamsárás og önnur ofbeldisbrot, en ekki er gerður greinarmunur á hvort um barn eða fullorðinn einstakling er að ræða. Börn eða forsjáraðilar þeirra eiga rétt á að kæra til lögreglu ef ofbeldi er beitt, sama hver gerandinn er. Allir eiga almennan rétt til að njóta verndar gegn ofbeldi. Í almennum hegningarlögum er hvergi að finna skilgreiningu á heimilisofbeldi. Vísað hefur verið til ákvæðis sem eiga við um heimilisofbeldismál á milli tengdra eða skyldra aðila (Ríkislögreglustjórnin, 2005).

Börn sem upplifa ofbeldi gegn foreldri á heimili sínu, eru hvergi skilgreind sem brotávarp í íslenskum lögum. Í dómsmálum, þar sem fjallað er um kynbundið ofbeldi er aðkoma barna því engin. Fá mál þar sem um er að ræða ofbeldi gegn börnum, fara fyrir rétt á Íslandi, en mjög alvarlegt ofbeldi er einkennandi fyrir þau sem það gera. Börn sem verða fyrir kynferðisofbeldi, virðast því hafa mun sterkari réttarstöðu, heldur en börn sem verða fyrir annars konar ofbeldi (Barnaheill, 2011).

4.4 Umboðsmaður barna

Embætti umboðsmanns barna var sett á fót þann 1. janúar árið 1995 í kjölfar nýrra laga um umboðsmann barna. Umboðsmaður barna er sjálfstæður, óháður embættismaður og tilheyrir stjórnskipulega undir forsætisráðuneytið sem hefur fjárhagslegt eftirlit með embættinu. Hlutverk embættisins er að vinna að réttindum og hagsmunamálum barna og unglunga undir 18 ára aldri. Til að mynda við að sjá til að hlustað sé á raddir þeirra. Hann vekur athygli á sjónarmiðum barna og að tekið sé tillit til hagsmuna þeirra varðandi réttindi og lagasetningar. Embætti Umboðsmanns barna kemur með tillögur um úrbætur sem bæta hag barna á öllum sviðum þjóðfélagsins og ber einnig skylda til að stuðla að því að þjóðréttarsamningar sem Ísland er aðili að, tryggi að velferð barna sé virt (Umboðsmaður barna, e.d.-c).

5 Barnaverndaryfirvöld

Barnaverndarlögin kveða á um að bæði ríki og sveitarfélög eigi að vera með stefnu og framkvæmdaráætlun um hvernig barnaverndarstarfi skuli háttað. Markmið með framkvæmdaráætlun er að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi (Barnaverndarstofa, 2006). Barnaverndaryfirvöld samanstanda af Velferðaráðuneytinu, Barnaverndarstofu, Kærunefnd barnaverndarmála og öllum barnaverndarnefndum í landinu (Barnaverndarstofa, e.d.a). Sameiginlegt hlutverk þeirra er að gæta að hagsmunum barna á Íslandi og sjá til að þau búi við öruggt umhverfi (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Mikil áhersla er lögð á að börn búi við viðunandi skilyrði og mikilvægt er að bregðast rétt við þegar brotið er á börnum. Þegar barn verður fyrir ofbeldisbroti er nauðsynlegt að fagaðilar hafi þekkingu og reynslu til að taka á móti og vinna með börnum sem hafa orðið fyrir erfiðri lífsreynslu ásamt fjölskyldum þeirra. Í þessum kafla verður fjallað um hlutverk Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda ásamt tilkynningum til barnaverndaryfirvalda.

5.1 *Barnaverndarstofa*

Starfsemi Barnaverndarstofu hófst 1. júní árið 1995. Hún fer með daglega stjórn barnaverndarmála í landinu en er jafnframt ætlað að vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu. Meginverkefni Barnaverndarstofu eru tvenns konar: Annars vegar verkefni í tengslum við starfsemi barnaverndarnefnda sveitarfélaga og hins vegar að hafa yfirumsjón og eftirlit með rekstri sérhæfðra meðferðarheimila fyrir börn (Barnaverndarstofa, e.d.-b).

Hlutverk Barnaverndarstofu er margskonar, það felst í að hafa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda og afgreiða kærur og kvartanir sem berast vegna starfa þeirra. Barnaverndarstofa sér um að halda utan um ársskýrslur barnaverndarnefnda, sinna ráðgjöf við úrlausnir mála og um fræðslu sem tengist barna og fjölskylduvernd. Barnaverndarstofa kemur á framfæri upplýsingum og fræðslu til almennings og fagfólks, meðal annars með því að halda námskeið og ráðstefnur, gefa út handbók fyrir barnaverndarnefndir og skýrslu um starfsemi barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda. Ef barnaverndarnefndir þurfa aðstoð við að finna hæfa

fósturforeldra veitir Barnaverndarstofa þá aðstoð, ásamt því að veita ráðgjöf á því sviði. Barnaverndarstofu er einnig ætlað að sinna rannsóknar- og þróunarverkefnum, ásamt því að sinna erlendum samstarfsverkefnum og afla þekkingar erlendis á sviði barnaverndar (Barnaverndarstofa, e.d.-b).

5.1.1 Barnaverndarnefndir

Barnaverndarnefndir eiga að vera starfræktar í hverju sveitarfélagi og eru kosnar af sveitarstjórnnum, héraðsnefnd eða stjórn byggðarlags (Barnaverndarstofa, 2006). Barnaverndarnefnd hvers sveitarfélags ber ábyrgð á framkvæmd barnaverndarstarfs í eigin umdæmi og er undir eftirliti Barnaverndarstofu (Barnaverndarstofa, 2011-a). Hver barnaverndarnefnd skal skipuð allt frá fimm einstaklingum upp í sjö ef nefndin þjónar fleiri en einu sveitarfélagi (Barnaverndarstofa, 2006). Barnaverndarnefnd ber alla ábyrgð á störfum nefndarinnar sem byggð er á ramma barnaverndarlaga. Felst starf þeirra í að taka á móti tilkynningum og taka ákvörðun um hvort hefja skuli könnun máls. Ef ákvörðun er tekin um að mál fari í könnun, sjá barnaverndarnefndir meðal annars um að kanna aðbúnað barns, hegðun og uppeldisskilyrði. Markmiðið með því er að meta hvort barn búi við viðunandi aðstæður sem þykja fullnægjandi til að tryggja velferð og hagsmuni þess. Í framhaldinu gera barnaverndarnefndir áætlanir ef þurfa þykir, koma með viðeigandi stuðningsúrræði, aðstoða foreldra við að sinna forsjárskyldum sínum eða sjá til að öðrum úrræðum verði beitt þegar við á (Barnaverndarstofa, 2006; Þingskjal 403, 2001-2002). Mál telst vera barnaverndarmál þegar barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um að hefja könnun máls, en að sama skapi ekki ef ákvörðun er á hinn veginn. Allar tilkynningar sem berast þarf að skrá með kerfisbundnum hætti og ber að varðveita allar tilkynningar (Barnaverndarstofa, 2006).

Barnaverndarstarfið getur verið vandasamt þar sem oft er gripið inn í líf einstaklinga og fjölskyldna á viðkvæmum tímamarki í lífi þeirra. Barnaverndarnefndir eiga að vera skipaðar sérhæfðu starfsfólki og geta falið starfsmönnum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka (Barnaverndarstofa, 2006).

Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 var komið á velferðarvakt í flestum stærstu sveitarfélögum landsins þar sem tilgangurinn var að fylgjast betur með stöðu málaflokksins í sveitarfélögunum og þróun barnaverndarmála. Barnaverndarnefndir víða um landið hafa brugðist við auknu álagi með því að fjölga starfsmönnum og eru

margar nefndanna vel hæfar til að takast á við aukið álag en þó alls ekki allar. Barnaverndarstofa hefur bent á að álag á barnaverndarstarfsmenn Reykjavíkurborgar sé meira en góðu hófi gegnir og æskilegt sé að bregðast við auknu álagi þar (Barnaverndarstofa, 2010).

Bakvaktir barnaverndarnefnda hafa víða verið teknar af og fyrirkomulag þeirra hefur verið endurskoðað hjá mörgum nefndum með tilliti til hagræðingar. Hægt er að ná sambandi við allar barnaverndarnefndir í gegnum Neyðarlínuna fyrir utan eina nefnd. Ef erindið þarfnast tafarlausrar úrlausnar er gefið samband við starfsmann hjá viðkomandi nefnd. 16 barnaverndarnefndir hafa skilgreindar bakvaktir eða vaktafyrirkomulag, en aðrar nefndir tryggja að aðili á þeirra vegum sé tiltækur ef neyðartilvik kemur upp. Þeir sem sinna þeim eru félagsmálastjórar, barnaverndarstarfsmenn, starfsmenn félags- og skólaþjónustu, formenn barnaverndarnefnda og aðrir nefndarmenn. Af þessu er ljóst að margir koma að því að meta þörf á tafarlausu inngripi á grundvelli barnaverndarlaga, en ætla má að þannig aukist hættan á mistökum. Starfsmenn Neyðarlínunnar geta átt erfitt með að meta hvort þörf sé á tafarlausu inngripi sem eykur einnig líkur á mistökum og tryggir ekki fyllilega öryggi barna. Það myndi auka öryggi barna ef starfsmenn Neyðarlínunnar gætu alltaf vísað á reyndan barnaverndarstarfsmann. Af þessu má draga þá ályktun að öryggi barna sé misjafnt eftir hvar þau búa á landinu (Barnaverndarstofa, 2010).


5.2 Tilkynningarskylda

Rannsóknur á ofbeldi gagnvart börnum hefur fjölgað síðustu ár. Erfitt er þó að bera þær saman þar sem skilgreiningar og skráningar á milli landa eru ólíkar. Rannsóknir eru mikilvægar og geta gefið ákveðnar vísbendingar á tíðni ofbeldis gagnvart börnum (Ghate, 2000). Ýmsar gagnlegar aðferðir hafa verið notaðar til að meta tíðni ofbeldis gagnvart börnum, svo sem tilkynningar til barnaverndaryfirvalda og kannanir meðal almennings (Myers o.fl., 2002). Verulegur skortur er þó á rannsóknum hér á landi á umfangi ofbeldis gegn börnum (Jónína Einarsdóttir o.fl., 2004). Tilkynningar sem koma á borð lögreglu um fjölda þolenda ofbeldis eru ekki aðgengilegar þar sem þær flokka ekki þolendur eftir aldri en það er hins vegar gert í tölum barnaverndaryfirvalda (Ríkislögreglustjórinn, 2007). Hins vegar segja opinberar tölur ekki alla söguna. Svo virðist vera sem einungis hluti mála sem snúa að ofbeldi sé tilkynntur til barnaverndaryfirvalda (Barnaverndarstofa, 2008).

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 er kveðið á um skyldur almennings, fagfólks og stofnana til að tilkynna til barnaverndarnefndar ef fólk telur að barn búi við misbrest í uppeldi, eða aðbúnaði þess sé ábótavant svo barninu geti stafað hættu af.

Á hverju ári berast barnaverndaryfirvöldum fjöldinn allur af tilkynningum um að barn búi við misbrest í aðbúnaði og ber að taka þeim öllum alvarlega. Tilkynningum til barnaverndaryfirvalda hefur fjölgað jafnt og þétt síðastliðinn áratug og hefur árleg aukning oft verið yfir 10%. Ársskýrslur barnaverndarnefnda gefa mikilvægar upplýsingar um stöðu barnaverndarmála á hverjum tíma. Flestar tilkynningar koma frá lögreglu, en þar á eftir frá skólayfirvöldum samkvæmt ársskýrslu Barnaverndarstofu frá árunum 2005-2011 (Barnaverndarstofa, 2011-a).

Á meðfylgjandi skýringarmynd má sjá heildarfjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda tilkynninga vegna gruns um ofbeldi á árunum 2005-2010. Þess má geta að þessar tölur taka til alls ofbeldis, þá líkamlegs ofbeldis, tilfinningalegs/sálræns ofbeldis og kynferðisofbeldis.



Mynd 1: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjöldi tilkynninga vegna gruns um ofbeldi á árunum 2005-2011 (Barnaverndarstofa, 2011-a; 2011-b).

Töluverð fjölgun hefur orðið á tilkynningum á milli árunna 2005 til 2007. Mesta fjölgunin varð árið 2007 þegar tilkynningum fjölgaði um 22% frá árinu á undan. Árið 2008 snérist þróunin hins vegar við, en það var í fyrsta skipti frá upphafi skráninga Barnaverndarstofu sem tilkynningum fækkaði á milli ára (Barnaverndarstofa, 2011-a).

Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 hefur Barnaverndarstofa unnið að því að fylgjast betur með stöðu barnaverndarmála og hvaða áhrif efnahagshrunið hefur haft á málaflokkinn. Heildartilkynningum fjölgar um rúmlega eitt þúsund á milli árunna 2008 og 2009. Í ársskýrslu Barnaverndarstofu kemur fram að þegar skýringa sé leitað á umræddri fjölgun, megi áætla að um sé að ræða áhrif efnahagshrunsins á aðstæður fjölskyldna og uppeldisskilyrði barna að einhverju leyti. Jafnframt gæti aukin samfélagsvitund um mikilvægi þess að gæta að hagsmunum barna við slíkar aðstæður, sem efnahagshrunið hafði í för með sér, einnig átt hlut að máli. Erfitt er þó að meta hvor skýringin vegur þyngra þar sem engar rannsóknir hafa átt sér stað (Barnaverndarstofa, 2011-a).

Árið 2009 var í fyrsta skipti spurt sérstaklega um heimilisofbeldi í sískráningum barnaverndarnefnda (Barnaverndarstofa, 2001-a). Það ár tengdust 267 tilkynningar

heimilisofbeldi, eða 3% af öllum tilkynningum. Árið 2010 jókst tíðni þeirra en það ár voru þær 370, eða 4% af öllum tilkynningum (Lovísa Arnardóttir, 2011).

Mesta aukningin varð á tilkynningum vegna gruns um ofbeldi á árunum 2006-2007, þeim fækkaði lítillega árið 2008 og fjölgaði aftur árin 2009 og 2010. Vekur það upp þær spurningar hvort aukin umræða um ofbeldi gegn börnum hafi borið árangur og fleiri tilkynni í kjölfarið.

6 Starf félagsráðgjafa og úrræði

Ef upp kemst að barn hafi verið beitt ofbeldi eða orðið vitni að ofbeldi er mikilvægt að bregðast hratt við og veita börnum þann stuðning og hjálp sem þau þarfnast. Því fyrr sem sem ofbeldi er stöðvað og börnum veitt aðstoð því betri eru horfur þeirra (Perry, Pollard, Blakely, Baker og Vigilante, 1995). Í flestum tilfellum þarfnast börn sérhæfðrar meðferðar fagfólks. Markmið með slíkum meðferðum er að barnið endurheimti trú á eigin sjálfi og geti borið traust til annarra á ný. Það er hægt að gera með heilbrigðum samskiptum við barnið þar sem það fær aðstoð til að vinna úr reynslu sinni. Hjálpa þarf barninu að koma hugsunum og tilfinningum sínum í orð þannig að það geti með tímanum gert sér grein fyrir eigin hugarástandi og fundið samúð með öðrum. Þegar barnið fær þá upplifun að það geti treyst öðrum fyrir tilfinningum sínum minnka líkur á að það dragi sig í hlé og losi sig við vanlíðan með hvatvísri hegðun eða stjórnleysi. Meðferð er einn liður til að koma í veg fyrir að barnið skaði sig eða aðra og að ofbeldismynstur færist á milli kynslóða (Sæunn Kjartansdóttir, 2011).

6.1 Starf félagsráðgjafa

Starfsheitið félagsráðgjafi var lögverndað árið 1975. Lögsaga félagsráðgjafar er í heilbrigðisráðuneytinu og er skilgreind sem heilbrigðisstétt (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Félagsráðgjafar starfa eftir lögum um félagsráðgjöf nr. 95/1990. Samkvæmt þeim þarf sem sá sem kallar sig félagsráðgjafa að hafa lokið prófi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands og hafa til þess leyfi frá landlækni. Sá sem hefur lokið sambærilegu prófi getur sótt um leyfi til landlæknis til að kalla sig félagsráðgjafa og stundað félagsráðgjöf hér á landi. Þá þarf að leita umsagnar til Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og félagsvísindadeildar Háskóla Íslands áður en leyfið er veitt.

Svið félagsráðgjafa eru hin sömu um allan heim. Svið félagsráðgjafar aðgreinast í heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu með undirsviðum. Auk þess eru ýmis sérsvið eins og skólafélagsráðgjöf og réttarfélagsráðgjöf og nokkrir sérstakir málaflokkar eins og ungmenni, aldraðir og fatlaðir. Félagsráðgjafi getur valið sér nálgun eftir þeirri hugmyndafræði sem hann kys að starfa eftir og aðferðir eftir persónulegu áhugasviði og færni. Honum ber aðeins að fara eftir tvennu: Að fylgja siðareglum félagsráðgjafa og siðferðilegri hollustu við fagið ásamt kröfunni um menntun (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

Félagsráðgjafar starfa víða, meðal annars við stofnanir sem eru reknar af opinberum aðilum, félagasamtökum og einkaaðilum. Félagsráðgjafar sem eru með sérfræðipjálfun reka sumir eigin stofur (Hrefna Ólafsdóttir, 2006).

Hugmyndafræði félagsráðgjafar byggir á því að hver og einn einstaklingur sé margbreytilegur og sérstakur og að skoða þurfi aðstæður hans út frá öllum sjónarhornum, í samhengi við umhverfi, fjölskyldu, vini og samfélagið í heild (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Markmið félagsráðgjafar er meðal annars að vinna að lausn félgslegra og persónulegra vandamála (Landlæknisembættið, e.d.).

Þegar grunur vaknar um að barn hafi orðið fyrir ofbeldi þarf að bregðast hratt við og tryggja að koma megj í veg fyrir frekara ofbeldi. Veita þarf barninu og fjölskyldunni viðeigandi aðstoð og einnig þarf að tryggja þeim sem hafa verið beittir ofbeldi góða og skilvirka þjónustu viðeigandi fagaðila (Geir Gunnlaugsson, 2011). Félagsráðgjafar eru vel í stakk búnir að veita þessum fjölskyldum aðstoð þar sem félagsráðgjöf eru eina fagstéttin sem fær kennslu í barnavernd og í félagsráðgjafarnámi eru tengdar saman ólíkar fræðigreinar sem hægt er að beita við vinnslu barnaverndarmála.

Stór hluti barnaverndarstarfsmanna eru félagsráðgjafar sem búa yfir greinargóðri þekkingu til að vinna með börnum sem hafa upplifað ofbeldi. Barnaverndarstarfsmenn sem eru áhugasamir og vel menntaðir geta skipt höfuðmáli þegar aðstoða þarf foreldra og börn við að skapa þroskavænlegar og jákvæðar uppeldisaðstæður fyrir börn (Anni G. Haugen, 2008). Félagsráðgjafar hafa sett mark sitt á félagsþjónustu og því er viðeigandi að skoða hvaða verkefnum þeir sinna helst. Í grein sem Anni G. Haugen (2008) skrifaði og ber heitið *Barnaverndarstarfsmenn, kröfur og menntun* gerir hún grein fyrir að verkefnum barnaverndarstarfsmanna megj gróflega skipta í fjóra flokka: Í fyrsta lagi er góð þekking á barnaverndarlögum og öðrum lögum sem snúa að vernd barna nauðsynleg. Í því felst meðal annars að geta túlkað lögin, þekkja málsmeðferð og útskýra atriði fyrir barni og foreldrum. Í öðru lagi þarf barnaverndarstarfsmaðurinn að hafa góða þekkingu á þroska og líðan barna. Hann þarf að þekkja merki og geta greint einkenni barna sem orðið hafa fyrir ofbeldi, auk þess að geta fundið styrkleika barna og greint hverjar þarfir þeirra eru. Í þriðja lagi þarf barnaverndarstarfsmaðurinn að þekkja einkenni ólíkra vandamála sem einstaklingar geta glímt við, eins og þunglyndi og áfengissýki og að kunna að gera skil á ólíkum meðferðum ásamt því að geta greint

styrkleika foreldra og umhverfis. Í fjórða lagi þarf barnaverndarstarfsmaðurinn að hafa næmni og færni til að mynda gott og traust samstarf við barnið og fjölskylduna, svo unnt sé að bæta aðstæður og umönnun barnsins. Hann þarf einnig að eiga gott og uppbyggilegt starf við annað fagfólk sem kemur að barninu, má þá nefna leikskóla og skóla.

Ein af frumskyldum félagsráðgjafa er að upplýsa skjólstæðing um réttindi sín og skyldur, úrræði og hjálparmöguleika. Félagráðgjafi á að virða og verja rétt hvers einstaklings til einkalífs og sjálfsákvörðunarréttar, svo framarlega að það valdi öðrum ekki skaða. Geti skjólstæðingur ekki sjálfur gætt hagsmuna sinna, ber félagráðgjafa að gæta hagsmuna hans (Landlæknisembættið, e.d.). Börn sem hafa verið beitt ofbeldi eru ekki fær um að verja sig vegna aldurs og þroska (Horne, 1990). Því kemur það í hlut félagsráðgjafans að gæta hagsmuna þeirra.

Félagráðgjafar þekkja kerfið, löggjöfina og leiðirnar sem þeir hafa lært um í námi sínu. Félagráðgjafar sem starfa í félagsþjónustu vita hvaða bjargráð er að finna og hver þeirra eiga við, til að leysa vanda hvers og eins (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Í þeim tilfellum þar sem ofbeldi á sér stað, er ekki líklegt að árangur náist með því að nýta einungis eina björg sem í boði er (Farley, Smith og Boyle, 2006). Félagráðgjafar hafa góða þekkingu á meðferðarvinnu og geta boðið upp á markvissa ráðgjöf, varðandi meðal annars tilfinningar og samskipti, andlega líðan, heimilis- og samskiptavandamál og tilfinningaleg áföll vegna ofbeldis. Þeir búa yfir góðri kunnáttu á mismunandi aðferðum sem byggja meðal annars á þroskakenninum og sál- og félagslegfræðilegum kenningum, eins og samskiptakenningum og kerfiskenninum (Vigdís Jónsdóttir, 2006). Félagráðgjafar hafa færni í viðtalstækni og þjálfun í að vinna á fjölbreyttan hátt í formi stuðnings, meðferðar og fræðslu, til dæmis með einstaklingum, fjölskyldum og hópum (Sigurlaug Hauksdóttir, 2006). Mikilvægt er að vinna með barninu og allri fjölskyldunni og reyna að komast að hvort undirliggjandi vandamál, eins og vímuefnaneysla, fátækt eða léleg foreldrahæfni, geti verið orsakavaldar þess að ofbeldi sé beitt gegn barni (Horne, 1990). Með viðtölum er hægt að vinna að lausn vandamála sem upp koma og vísa til réttra aðila innan kerfisins ef þurfa þykir. Í þeirri vinnu eru skoðaðir bæði innri og ytri þættir sem hafa áhrif á einstaklinginn og þá skapar viðtalstæknin mikinn sess og er talin vera undirstaða þess að geta náð til skjólstæðings á hans eigin forsendum.

Viðtalstæknin felur í sér að félagsráðgjafinn veitir virka hlustun og sýnir samkennd (Björg Karlsdóttir, Ólöf Unnur Sigurðardóttir og Sveinbjörg J. Svavarsdóttir, 2006).

Félagsráðgjafi leikur miðlægt hlutverk í teymisvinnu og hlutverk hans skilar sér í öfluglu þverfaglegu samstarfi innan kerfisins og betri heildarárangri (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Félagsráðgjafar hafa þekkingu á myndun tengslaneta og eflingu samvinnu stofnanna í samfélaginu. Má þá nefna, heimila, skóla, félagsþjónustu og heilsugæslu. Í fjölskyldum þar sem ofbeldi hefur verið beitt, getur verið þörf á eflingu stuðningsnets og félagsráðgjafinn gæti veitt aðstoð við að byggja upp slíkt stuðningsnet og að ná góðu samstarfi á milli stofnanna (Sigurlaug Hauksdóttir, 2006). Börn sem hafa verið beitt ofbeldi geta átt erfitt með að treysta öðrum og því er mikilvægt að félagsráðgjafinn nái góðu trausti hjá barninu og fjölskyldunni til að samstarfið geti orðið faglegt og árangursríkt (Horne, 1990). Félagsráðgjafar hafa heildræna sýn og vinna út frá andlegum, félagslegum og vitrænum veruleika einstaklinga þegar finna þarf úrræði við hæfi. Þarfir einstaklingsins eru alltaf í fyrirrúmi þar sem litið er á að hver einstaklingur sé einstakur (Hrefna Ólafsdóttir, 2006).

6.2 Hópmeðferð fyrir börn á vegum Barnaverndarstofu

Á vegum barnaverndarstofu er veitt hópmeðferð fyrir börn sem búa við ofbeldi á heimili. Verkefnið er tilraunaverkefni sem hófst í janúar 2010 og var framlengt fram í desember 2011. Þjónustan felur í sér hópmeðferð fyrir börn á aldrinum 6-17 ára sem hafa upplifað heimilisofbeldi. Sérhæfður sálfræðingur á þessu sviði sér um þjónustuna þar sem markmið er að styðja við börn sem hafa búið við ofbeldi. Í upphafi meðferðar þurfa forsjáraðilar barnsins að veita samþykki fyrir þjónustunni og vera tilbúnir til að virkja barnið til þátttöku. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf á milli starfsmanna barnaverndarnefnda og þeirra fagaðila eða stofnana sem sinna barninu (Barnaverndarstofa, e.d.-c).

Í upphafi er tekið viðtal við forsjáraðila og barn áður en meðferð hefst. Um hópmeðferð er að ræða, þar sem sex börn eru í hverjum hóp sem er skipt niður í hópa eftir aldri. Tveir sérfræðingar vinna með hópana og notast er við aðferðir eins og áfallamiðaða hugræna atferilsmeðferð. Alls eru haldnir tíu hópfundir með börnunum á tímabilinu og stöðufundur með forsjáraðila barnsins. Þegar meðferðinni líkur fer fram skilafundur með starfsmanni barnaverndaryfirvalda og forsjáraðilum þar sem fram fer

mat á meðferðavinnu og árangri. Jafnframt skilar sá sem sá um meðferðina samantekt um árangur til barnaverndarnefndar og Barnaverndarstofu. Starfsmenn barnaverndarnefnda sjá um að fylgja barninu eftir þegar meðferð líkur (Barnaverndarstofa, e.d.-c). Meðferðin hefur þær takmarkanir að það er bara fyrir börn á höfuðborgarsvæðinu, barn verður að vera komið úr aðstæðum þar sem ofbeldi átti sér stað og er bara fyrir börn sem eru eldri en 5 ára og tala og skilja íslensku (Vísir, 2011).

Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu segir að úrræðið sé mjög þýðingarmikið. Það hafi gefist vel og hann sér fram á að það verði fastur liður í þjónustu Barnaverndarstofu. Bragi bendir einnig á, að það leysi ekki vandann, heldur þurfi bráðahjálp strax í kjölfar atvika þar sem heimilisofbeldi á sér stað (Vísir, 2011).

6.3 Tilraunaúrræði á vegum Barnaverndarstofu

Nýlega var hrundið af stað öðru úrræði á vegum Barnaverndarstofu. Úrræðið er sex mánaða tilraunaverkefni Barnaverndarstofu, í samvinnu við barnaverndarnefndir og lögreglu, þar sem veitt er þjónusta í málum barna og unglunga sem orðið hafa vitni að heimilisofbeldi. Markmiðið með þessu verkefni er að leggja mat á líðan, hugsanir og óskir barna sem hafa orðið vitni að heimilisofbeldi og veita þeim áfallahjálp og annan viðeigandi stuðning í kjölfarið. Verkefnið hófst þann 15. september árið 2011 og stendur til 15. mars árið 2012. Félagsráðgjafi sinnir þjónustunni sem felst í að bregðast strax við tilkynningum frá lögreglu eða barnaverndarnefndum þar sem börn hafa orðið vitni að heimilisofbeldi og þörf var á afskiptum lögreglu. Félagsráðgjafinn tekur viðtöl við börnin til að kanna líðan þeirra og upplifun atburðarins, sem leiddi til afskipta lögreglu. Hann gerir svo áætlun um meðferð og kynnir fyrir þeim sem koma að málinu. Félagsráðgjafinn sér einnig um að annast viðtalsmeðferð í samræmi við meðferðaráætlun og skilar stuttri greinargerð um hvert og eitt barn til barnaverndarnefnda eða til forsjáraðila barns (Barnaverndarstofa, 2011-c).

7 Viðbrögð stofnana

Það eru ekki bara barnaverndaryfirvöld sem koma að málefnum barna sem hafa upplifað ofbeldi. Barnaverndaryfirvöld verða að eiga gott samstarf við aðrar stofnanir sem koma að þessum málaflokki til að gæta að hagsmunum barna. Lögreglan, Kvennaathvarfið og Áfallamiðstöð Landspítalans eru dæmi um stofnanir sem tengjast málefnum barna sem hafa upplifað ofbeldi. Hér verður fjallað um hlutverk þeirra og bent á ákveðin atriði sem geta farið betur til að tryggja hagsmuni barna enn frekar.

7.1 Lögregla

Lögreglan sinnir margþættu hlutverki þegar um ofbeldisbrot gegn barni er að ræða. Lögreglan sér meðal annars um að veita leiðbeiningar, taka á móti kærnum, tilnefna réttargæslumann, rannsaka mál, senda beiðni um skýrslutöku af barni og senda mál til ákærvaldsins (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Lögreglunni bárust um 900 tilkynningar vegna heimilisofbeldis árið 2010. Málin voru sum hver óhugnanleg þar sem þolendur voru ýmist beittir líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi sem snertu bæði fullorðna og börn (Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 2011). Rannsókn á heimilisofbeldi sem unnin var á tilkynningum til lögreglu á árunum 2006-2007 leiddi í ljós að um 993 mál komu við sögu lögreglu þar sem ofbeldi átti sér stað, á milli skyldra eða tengdra. Í 39% tilvika var að minnsta kosti eitt barn undir 18 ára á vettvangi þegar atvikið átti sér stað og barnaverndarstarfsmenn fóru með lögreglu í útköll í 1% tilvika (Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2010).

Hjá lögreglunni eru til verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldis (Ríkislögreglustjórinn, 2005). Þær fjalla hins vegar að takmörkuðu leyti um börn og í þeim eru engin sérstök atriði sem snúa að börnum sem upplifa heimilisofbeldi. Ef upp kemur að barn búi við ofbeldi á heimili er ekki um nein sérstök viðbrögð að ræða að undanskilinni tilkynningaskyldu barnaverndarlaga. Yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar segir í rannsókn Barnaheilla, sem ber heitið *Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi*, að þess sé ekki krafist af lögregluþjónum sem fara á vettvang að þeir ræði við börn á vettvangi, hvorki til að fá upplýsingar né til að kanna líðan þeirra, nema ef barn hefur sjálft orðið fyrir ofbeldi. Í rannsókn Barnaheilla kemur einnig fram að lögregluþjónum sem sinna útköllum tilheyra almennri deild og hafa ekki hlotið neina

þjálfun í vinnu með börnum. Litið er svo á að það sé hlutverk barnaverndarnefndar að koma barninu í öruggt skjól og kanna líðan þess. Áður fyrr var sérstakur starfsmaður sem var tengiliður lögreglu og barnaverndar en þeirri deild var lokað vegna sparnaðar (Barnaheill, 2011).

7.2 Kvennaathvarfið

Kvennaathvarfið er athvarf fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsi er óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis annarra heimilismanna. Í Kvennaathvarfinu er hægt að fá húsaskjól og aðstoð við sjálfshjálp. Öllum konum sem leita þangað er heitið nafnleynd og trúnaði. Kvennaathvarfið er með símaþjónustu allan sólarhringinn og viðtalsþjónustu, þar sem hægt er að fá stuðning og upplýsingar án þess að til dvalar komi (Samtök um Kvennaathvarf, e.d.c). Algengt er að börn dvelji í Kvennaathvarfinu með mæðrum sínum og er þá oft um ung börn að ræða (Barnaheill, 2011). Árið 2010 leituðu 375 konur í kvennaathvarfið vegna ofbeldis og þar af dvöldu 118 konur þar ásamt 54 börnum (Samtök um Kvennaathvarf, 2011). Fyrir nokkrum árum var sérstakur starfsmaður í Kvennaathvarfinu sem aðstoðaði við umönnun barna og veitti börnum sem dvöldu þar stuðning. Niðurskurður olli því hins vegar að sú staða var lögð niður. Í dag starfar enginn sérstakur starfsmaður með börnum í athvarfinu og veita starfskonur athvarfsins börnum viðtöl ef mæður óska eftir því, en það gerist sjaldan (Barnaheill, 2011).

Kvennaathvarfið tilkynnir til barnaverndaryfirvalda ef um mál barna sem búa við misbrest í aðbúnaði er að ræða. Með því fylgja starfsmenn tilkynningarskyldunni samkvæmt barnaverndarlögum en hafa engin önnur úrræði né stuðning í boði fyrir börn. Kvennaathvarfið hefur heimild til að vísa börnum, án milligöngu barnaverndarnefnda, í sérstakt hópmeðferðarúrræði sem er á vegum Barnaverndarstofu en það fyrirkomulag hefur ekki gengið nógu vel fyrir sig þar sem athvarfið hefur einungis getað vísað nokkrum börnum í meðferðina. Má rekja það til þess að aðeins börn sem tala íslensku, eru 5 ára og eldri og búa ekki lengur við ofbeldi á heimili fá að fara í meðferðina. Fæst börn sem dvelja í athvarfinu uppfylla þessi skilyrði. Um helmingur kvenna sem kemur í Kvennaathvarfið fer aftur heim í sömu aðstæður og þær höfðu búið við áður (Barnaheill, 2011).

7.3 Áfallamiðstöð Landspítalans

Áfallamiðstöð LSH veitir þeim sem til slysa- og bráðadeildar leita, sálrænan stuðning og aðstoð við tilfinningalega úrvinnslu eftir áfall. Þar er einnig sinnt beiðnum sem berast um ráðgjöf og áfallahjálp. Markmiðið með áfallamiðstöðinni er að tryggja velferð allra sem til þeirra leita vegna þess að lífi eða limum þeirra hefur verið ógnað, þeim hefur staðið hættu af fjölskyldu eða vinum eða hafa orðið vitni að ofbeldi, líkamsmeiðingum eða dauðsfalli. Við áfallamiðstöðina starfar einn sálfræðingur og þrjú hjúkrunarfræðingar og er tilgangur þjónustunnar að aðstoða þolendur að takast á við eðlileg streituvíðbrögð í kjölfar áfalls. Þess er gætt af starfsfólki að þolendur sem til þeirra leita mæti ekki vantrú né tortryggni heldur eiga þeir að mæta hlýju og tillitsemi (Barnaheill, 2011; Landspítali Háskólasjúkrahús, e.d).

Á árinu 2008 voru 37 tilvísanir til áfallamiðstöðvarinnar vegna ofbeldis í nánnum samböndum og í þessum 37 málum áttu 18 börn í hlut (Margrét Blöndal, e.d.). Enginn starfsmaður á áfallamiðstöðinni er sérhæfður í að vinna með börnum en möguleiki er að veita börnum nokkur viðtöl sé þess óskað sérstaklega. Í þeim tilfellum þar sem börn hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi er helsta markmið viðtala að kanna líðan barnanna og hvort hættu sé á að þau þrói með sér einkenni áfallastreituröskunar. Viðeigandi þerapisti tekur við málinu í framhaldi af því (Barnaheill, 2011).

8 Umræða og niðurstöður

Fjölskyldan á að vera sú eining sem veitir ást, umhyggju, kærleik og öryggi. Ekkert barn á að þurfa að alast upp við ofbeldi eða misbrest í aðbúnaði. Það er samfélagsleg skylda fullorðinnar manneskju að láta sig varða um líðan og aðbúnað barna hvort sem þau standa þeim nær eða fjær. Ung börn geta, sökum aldurs og þroska, ekki alltaf talað máli sínu og varið sig. Því kemur það í hönd þeirra sem grunar að barn búi við misbrest í aðbúnaði eða ofbeldi að tilkynna það til barnaverndaryfirvalda.

Börnum er tryggð vernd og sjálfstæð réttindi með lögum. Friðhelgi fjölskyldunnar nýtur virðingar og ofbeldi á heimilum er best falda leyndarmál fjölskyldunnar. Ef litið er til löggjafar sem á að tryggja vernd allra barna gegn ofbeldi kveða barnalögin á um að foreldrum beri að annast barn sitt og sýna því umhyggju, sinna forsjárskyldum og vernda börn sín gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi. Það kemur hins vegar hvergi skýrt fram að foreldrum sé ekki heimilt að leggja hendur á barn sitt eða veita öðrum rétt til þess, en hins kemur það fram í greinargerð með lögunum. Mikilvægt er að setja ákvæði í lögum hvers konar athafnir gegn börnum séu óheimilar. Þegar kemur að ákvörðun umgengnisréttar foreldris, sem beitt hefur barn sitt ofbeldi, má draga þá ályktun að það sé ávallt barninu fyrir bestu að umgangast foreldra sína. Gildir þá einu hvort ofbeldi hafi verið beitt af þeirra hálfu eða ekki, þar sem það eru engin ákvæði um hvaða vægi heimilisofbeldi skuli hafa í barnalögum. Heimilisofbeldi er hvergi skilgreint í lögum og að mínu mati er börnum sem upplifa ofbeldi ekki tryggð fullnægjandi vernd gegn ofbeldi í samræmi við 19. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem segir meðal annars að aðildarríki skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi.

Greina má vitundarvakningu í þjóðfélaginu um ofbeldi á heimilum og hefur umræðan verið hávær á líðandi ári, bæði á meðal almennings og hjá félagasamtökum sem hafa hagsmuni barna að leiðarljósi. Gagnrýnt hefur verið hve fá úrræði eru í boði og greinilegur skortur á samhæfingu stofnana sem vinna með börnum.

Að mínu mati er brýn þörf á að auka vitund og þekkingu fagfólks sem starfa með börnum um einkenni og aðstæður barna sem upplifa ofbeldi. Einkenni, sem gefa til kynna vanlíðan barna sem upplifa ofbeldi, geta verið margskonar líkt og fram hefur

komið. Þau einkenni þurfa þó ekki endilega að vera bundin við börn sem búa við ofbeldi, heldur geta þau oft á tíðum verið einkennandi fyrir börn sem gera það ekki. Því tel ég mikilvægt að fara nýjar leiðir í fræðslu til að auka vitund fagfólks. Þannig verður auðveldara að ná til barna sem upplifa ofbeldi, svo veita megi þeim þá viðeigandi aðstoð og stuðning sem þau þurfa á að halda. Mikilvægt er að fara í markvissar auglýsingaherferðir þar sem tilkynningarskyldan er áréttuð við almenning og hvert hægt sé að leita, ef upp vaknar grunur um að barn búi við misbrest í aðbúnaði. Leiða má líkum að því, að slík herferð gæti einnig hvatt þolendur og gerendur til að leita sér hjálpar. Góð tengsl foreldra og barna er verndandi þáttur fyrir líðan barna og því er nauðsynlegt að styðja við foreldra í uppeldishlutverki sínu. Tryggja þarf greiðan aðgang að uppeldisráðgjöf og stuðningi fyrir fjölskyldur sem vilja leita sér aðstoðar.

Innan þeirra stofnana, sem hafa með málefni barna að gera, virðist það viðhorf ríkjandi vegna tilkynningarskyldunnar, að barnaverndaryfirvöldum beri að tryggja börnum sem upplifað hafa ofbeldi þann stuðning og það öryggi sem þau þarfnast. En í raun virðist hafa myndast djúp gjá þarna á milli, því barnaverndaryfirvöld virðast ekki alltaf leggja markvisst mat á líðan barna sem upplifað hafa ofbeldi svo hægt sé að veita þeim viðeigandi aðstoð. Það sama á við um lögregluna sem fer á vettvang þar sem ofbeldi hefur átt sér stað. Eins og fram kom í rannsókn á tilkynningum til lögreglunnar árin 2006-2007 á heimilisofbeldi, fóru barnaverndarstarfsmenn með lögreglu í útköll vegna heimilisofbeldis í 1% tilvika þar sem börn voru á vettvangi. Að mínu mati er það algjörlega óásættanlegt, fulltrúar barnaverndaryfirvalda ættu ávallt að vera kallaðir til ef lögregla verður vör við barn sem upplifað hefur ofbeldi á vettvangi. Það er von mín að með nýju úrræði Barnaverndarstofu, verði félagsráðgjafi kallaður til ef vart verður við barn á vettvangi ofbeldis.

Aukið álag hefur verið á barnaverndarnefndum í landinu í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 og í hagræðingarskyni hafa bakvaktir barnaverndarnefnda víða verið teknar af. Þær nefndir sem hafa ekki bakvaktir hafa tiltækan aðila sem getur verið mis hæfur til að bregðast við tafarlausu inngripi á grundvelli barnaverndarlaga sem eykur líkur á að mistök eigi sér stað. Neyðarlínan tekur á móti tilkynningum utan almenns skrifstofutíma og stafsmenn hennar meta hvort þörf sé á tafarlausu inngripi. Má álykta að þegar svo margir aðilar koma að því að meta þá þörf geti einnig mistök átt sér stað

og að börnum sé ekki tryggt sama öryggi eftir búsetu. Mikilvægt er að taka á þessum málum til að tryggja sama öryggi fyrir öll börn.

Ég tel mikilvægt að efla samstarf félagsþjónustunnar og stofnana enn frekar þar sem hagsmunir barna eru hafðir að leiðarljósi. Koma þarf á fót fleiri úrræðum, til dæmis á borð við Barnahús, þar sem börn sem upplifa ofbeldi fá alla þjónustu á sama stað. Hægt væri að veita einstaklingsviðtöl, hópviðtöl og áfallameðferð hjá viðeigandi fagaðilum og ýmiskonar sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir börn, sem þyrftu að miðast við aldur og þroska þeirra.

Það er mitt mat að málefni barna sem upplifa ofbeldi þurfi að taka til vandlegrar endurskoðunar. Það er jafnframt von mín sem verðandi félagsráðgjafi að umræðan sem verið hefur hávæð að undanfögnu dvíni ekki, heldur vekji sem flesta til umhugsunar og að í kjölfarið verði brugðist við með samhentum átaki á öllum sviðum þjóðfélagsins. Hagsmunir, velferð og öryggi barna í þjóðfélaginu okkar er í húfi og það er skylda okkar að berjast fyrir þeirra hönd, því það barn sem býr við hörku lærir fólsku en það barn sem býr við alúð og vináttu lærir að elska, líkt og segir í ljóðinu.

Heimildaskrá:

ADHD Samtökin. (e.d.). *Hvað er ADHD?*. Sótt 2. nóvember 2011 af <http://www.adhd.is/is/um-adhd/hvad-er-adhd->.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Anni G. Haugen. (2004). *Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið. Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn*. Sótt 17. október 2011 af <http://www.bvs.is/files/file149.pdf>.

Anni G. Haugen. (2008). Barnaverndarstarfsmenn, kröfur og menntun. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 357-367). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Anni G. Haugen. (2010). Rannsókn um viðbrögð fagfólks við kynbundnu ofbeldi. [rafræn útgáfa]. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1(4), 21-27.

Ásta K. Ólafsdóttir. (2003). Andlegt ofbeldi gagnvart börnum. *Uppeldi*, 16 (4), 39-41.

Barnaheill. (2011, febrúar). *Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi: Rannsókn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi á félagslegum stuðningi og úrræðum 2011*. Sótt 1. október 2011 af http://www.barnaheill.is/barnaheill/images/stories/utgefidefni/barnaheill_skrsla-veftgfa.pdf.

Barnalög nr. 76/2003.

Barnaverndarlög nr. 80/2011.

Barnaverndarstofa. (2006). *Handbók*. Sótt 10. október 2011 af <http://www.bvs.is/files/file561.pdf>.

Barnaverndarstofa. (2008). *Ársskýrsla 2006-2007*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.

Barnaverndarstofa. (2010, desember). *Skýrsla um fundi Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum tímabilið mars til júní 2009*. Sótt 5. janúar 2012 af <http://bvs.is/files/file922.pdf>.

- Barnaverndarstofa. (2011-a). *Ársskýrsla 2008-2009*. Sótt 22. október 2011 af <http://bvs.is/files/file920.pdf>.
- Barnaverndarstofa. (2011-b). *Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir árin 2009 og 2010*. Sótt 5. janúar 2012 af <http://www.bvs.is/files/file912.pdf>.
- Barnaverndarstofa. (2011-c). *Þjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi*. Sótt 18. nóvember 2011 af <http://bvs.is/?s=9&id=383&m=1>.
- Barnaverndarstofa. (e.d.a). *Hlutverk barnaverndarstofu*. Sótt 26. október 2011 af <http://www.bvs.is/files/file945.pdf>.
- Barnaverndarstofa. (e.d.-b). *Hlutverk Barnaverndarstofu*. Sótt 18. nóvember 2011 af <http://bvs.is/?m=1&ser=17>.
- Barnaverndarstofa. (e.d.-c). *Hópmeðferð fyrir börn sem búa við ofbeldi á heimili*. Sótt 24. nóvember 2011 af <http://bvs.is/?ser=340&m=1>.
- Barnett, O.W., Miller-Perrin, C., Perrin, R. (2005). *Family violence across the Lifespan*. London: Sage.
- Björg Karlsdóttir, Ólöf Unnur Sigurðardóttir og Sveinbjörg J. Svavarsdóttir. (2006). Geðheilbrigði og félagsleg tengsl. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagssráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 172-186). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Davíð Þór Björgvinsson. (2011). Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*. (bls. 23-54). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Edelson, J. L. (1999). The overlap between child maltreatment and woman battering. *Violence against woman*, 5(2), 134-154.
- Fantuzzo, J., Boruch, R., Beriama, A., Atkins, M., Markuc, S. (1997). Domestic violence and children: Prevalence and risk in five major U.S. cities. *Journal of an american academy of child and Adolescents Psychiatry*, 36 (1), 116-122.
- Farley, O. W., Smith, L. L. og Boyle, S. W. (2006). *Introduction to social work* (11. útgáfa). Boston: Pearson Education, Inc.

- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2000). Ófullnægjandi umönnun og uppeldisskilyrði barna: Ofbeldi og vanræksla. *Uppeldi*, 13 (4), 50-53.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2005). *Risk factors for repeated child maltreatment in Iceland. An ecological approach*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2006). Barnaverndartilkygningar er varða ofbeldi milli foreldra. Í Úlfar Hauksson (Ritstjóri.) *Rannsóknir í félagsvísindum VII: Félagsvísindadeild* (bls. 189-200). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (e.d.). *Skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd*. Sótt 22. október 2011 af <http://www.bvs.is/files/file468.pdf>.
- Garbarino, J. og Crouter, A. (1978). Defining the community context for parent-child relations: The correlates of child maltreatment. *Child Development*, 49, 604-616.
- Geir Gunnlaugsson. (2011). Ofbeldi gegn börnum fyrr og nú: Áhrif á heilsu og vellíðan. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*. (bls. 215-230). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ghate, D. (2000). Family violence and violence against children. *Children and Society*, 14, 395-403.
- Grych, J. H. og Fincham, F. D. (1990). Marital conflict and children's adjustment: A cognitive-contextual framework. *Psychological Bulletin*, 108, 267-290.
- Grych, J. H., Fincham, F.D., Jouriles, E. N. og McDonald, R. (2000). Patterns of adjustment among children of battered women. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 68, 84-94.
- Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir. (2010, maí). *Heimilisofbeldi: Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu 2006-2007*. Sótt 18. nóvember 2011 af <http://www.logreglan.is/upload/files/Heimilisofbeldi%202006%20og%202007.pdf>
- Harold, G. T. og Howarth, E. L. (2004). How marital conflict and violence affects children: Theory, research and future directions. Í M. C. Calder, G. T. Harold, og E. L. Howarth. (ritstjórar), *Children living with domestic violence: Towards a framework for assessment and intervention* (bls. 56-73). Lyme Regis: Russell House Publishing.

- Hildur Biering. (2006). *Barnauppeldisins heilaga skylda – Barnavernd á fyrri hluta 19. aldar*. Reykjavík: Sögufélag.
- Horne, M. (1990). Is it social work? Í The violence against children study group (ritstjóri), *Taking child abuse seriously* (bls. 86-104). London: Unwin Hyman.
- Hrefna Ólafsdóttir. (2006). Börn og geðræn vandamál. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 111-127). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir- Afleiðingar- Úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson. (2004). *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi. Höggva, híða, hirta, hæða, hóta, hafna, hrista, hræða*. Reykjavík: Umboðsmaður barna.
- Landlæknisembættið. (e.d.). *Siðareglur félagráðgjafa*. Sótt 20. nóvember 2011 af <http://landlaeknir.is/?PageID=435>.
- Landspítali Háskólasjúkrahús. (e.d.). *Þjónusta bráðasviðs: Áfallamiðstöð*. Sótt 1. nóvember 2011 af <http://www.lsh.is/pages/16766>.
- Loftur Guttormsson. (1983). *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld: Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greininga*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Lovísa Arnarsdóttir. (2011). *Staða barna á Íslandi 2011*. Sótt 1. október 2011 af http://www.unicef.is/files/file/UNICEF_skyrsla_um_stodu_barna_2011.pdf.
- Lög um félagráðgjöf nr. 95/1990.*
- Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994.*
- Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu. (2011, júlí). *Ársskýrsla 2010*. Sótt 18. nóvember 2011 af [http://www.logreglan.is/upload/files/%C3%81rsk%C3%BDrssla%202010%20LHS%20vef4\(1\).pdf](http://www.logreglan.is/upload/files/%C3%81rsk%C3%BDrssla%202010%20LHS%20vef4(1).pdf).

- Margolin, G. og Vickerman, K. A. (2007). Post-traumatic stress in children and adolescents exposed to family violence: Overview and issues. *Professional psychology: Research and Practice*, 38 (6), 613-619.
- Margrét Blöndal. (e.d.). *Börn og áföll*. Sótt 18. nóvember 2011 af www.bvs.is/files/file747.ppt.
- Miller-Perrin, C. L. og Perrin, R. D. (2007). *Child maltreatment: An introduction*. London: Sage publications.
- Myers, J. E. B., Berliner, K., Briere, J., Hendrix, C. T., Jenny, C. og Reid, T. A. (2002). *The APSAC handbook on child maltreatment*. London: Sage Publications.
- Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir. (2006). *Verndum þau: Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglíngum*. Reykjavík: Mál og menning.
- Perry, B. D., Pollard, R., Blakely, T. L., Baker, W. L., og Vigilante, D. (1995). „Childhood trauma, the neurobiology of adaptation“and „use dependent“development of the brain: How „states“ become „traits“ *Infant Mental Health Journal*, 16 (4): 271-291.
- Ríkislögreglustjórinn. (2005). *Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldisbrotamála*. Sótt 25. október 2011 af http://logreglan.is/upload/files/heimilisofbeldi_verklagsreglur.pdf.
- Ríkislögreglustjórinn. (2007). *Afbrotatölfræði 2006*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórinn.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr.18/1992*.
- Samtök um kvennaathvarf. (2011). *Fréttir: Áskorun Samtaka um kvennaathvarf til Alþingis samþykkt á aðalfundi samtakanna 19. maí 2011*. Sótt 1. nóvember 2011 af <http://www.kvennaathvarf.is/frettir/2011/05/24/nr/465>.
- Samtök um kvennaathvarf. (e.d.-a). *Samtök um kvennaathvarf – markmið og skpulagning*. Sótt 4. október 2011 af <http://www.kvennaathvarf.is/media/arsskyrslur/SUK-2008-low.pdf>.
- Samtök um kvennaathvarf. (e.d.-b). *Börn sem búa við ofbeldi á heimilum*. Sótt 15. október 2011 af http://www.kvennaathvarf.is/media/utgefidefni/Born_isl.pdf.

Samtök um kvennaathvarf. (e.d.-c). *Þjónusta kvennaathvarfsins*. Sótt 1. nóvember 2011 af <http://www.kvennaathvarf.is/>.

Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu – eitt sérfræðisviða. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), Heilbrigði og heildarsýn. Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu (bls. 33-47). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sígurlaug Hauksdóttir. (2006). Forvarnarstarf um kynheilbrigði: Unglingamóttaka og félagsráðgjöf. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 94-110). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Símon J. Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir. (1990). *Bernskan, líf, leikir og störf íslenskra barna fyrr og nú*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Steinunn Bergmann. (2010, desember). *Börnum straffað með hendi og vendi: Barnaverndartilkynningar er varða líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum*. Sótt 10. október 2011 af <http://bvs.is/files/file921.pdf>.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr.33/1944.

Sæunn Kjartansdóttir. (2011). Gleymt en geymt: Langtímaafleiðingar kynferðisofbeldis gegn ungum börnum. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*. (bls. 297-313). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Unicef. (2011). *Útdráttur úr skýrslu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ), til nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (barnaréttarnefnd) 2011*. Sótt 10. nóvember 2011 af http://www.unicef.is/files/Skuggaskýrsla_utdrattur.pdf.

Umboðsmaður barna. (e.d.-a). *Barnasáttmálinn: Stutt umfjöllun um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. Sótt 15. október 2011 af <http://www.barn.is/barn/adalsida/barnasattmalinn/>.

Umboðsmaður barna. (e.d.-b). *Skýrsla til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna 2010*. Sótt 17. október 2011 af http://www.barn.is/barn/upload/files/utgefid_efni/adrar_skyrslur/ub_skyrsla_til_barnarettarnefndar_sth_2010.pdf.

Umboðsmaður barna. (e.d-c). *Hlutverk umboðsmanns barna*. Sótt 17. október 2011 á http://barn.is/barn/adalsida/um_empaettid/.

Velferðarráðuneytið. (e.d.). *Ofbeldi og afleiðingar þess*. Sótt 1. október 2011 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/Gedskyrsla/55kafli.pdf>.

Vigdís Jónsdóttir. (2006). Sjúkrastofnun og fagleg þjónusta. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagssráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 162-171). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Vísir. (18. febrúar 2011). *Sjaldgæft að sérfræðingar tali við börnin um ofbeldi*. Sótt 25. nóvember 2011 af <http://www.visir.is/sjaldgæft-ad-serfraedingar-tali-vid-bornin-um-ofbeldi/article/2011154882427>.

Þingskjal 181. (2002-2003). *Frumvarp til barnalaga*. Alþingistíðindi A-deild. Sótt 12. október 2011 af <http://www.althingi.is/altext/128/s/pdf/0181.PDF>.

Þingskjal 403. (2001-2002). *Frumvarp til Barnaverndalaga nr.80/2002*. Alþingistíðindi A-deild. Sótt 28. október 2011 af <http://www.althingi.is/altext/127/s/0403.html>.

Þingskjal 772. (2008-2009). *Nefndarálit um frv. til l. um breyt. á barnaverndarlögum og barnalögum*. Alþingistíðindi A-deild. Sótt 27. október 2011 af <http://www.althingi.is/altext/136/s/pdf/0772.pdf>.

Þingskjal 884. (2000-2001). *Frumvarp til Barnaverndarlaga*. Alþingistíðindi A-deild. Sótt 20. október 2011 af <http://www.althingi.is/altext/126/s/0884.html>.

Þórhildur Lindal. (2007, nóvember). *Skýrsla um dóma mannréttindadómstóls Evrópu þar sem vísað er til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, o.fl.* Sótt 15. október 2011 af http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_um_doma_Mannrettind_adomstols_Evropu.pdf.